

107, 1976. Ber því þegar af þessari ástæðu einni að vísa máli þessu ex officio frá dómi.

Með vísan til 1. mgr. 140. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála ber að dæma ríkissjóð til að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er ex officio vísað frá sakadómi Akureyrar.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 6. júlí 1988.

Nr. 169/1987. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Jóhannesi Hólm Reynissyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Fjárdráttur. Brot í opinberu starfi. Sératkvæði í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Áfrýjað er tveimur héraðsdómum á hendur ákærða, annarsvegar dómi sakadóms Árnessýslu 23. desember 1986, með stefnu 14. maí 1987, að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvaldsins, og hinsvegar dómi sakadóms Reykjavíkur 2. október 1987, með stefnu 13. nóvember 1987. Brot það, sem ákærða er gefið að sök í síðara málinu, er framið áður en dómur gekk í héraði í hinu fyrra. Eru málin því sameinuð í Hæstarétti og dæmd í einu lagi. Dómkröfur ákærvaldsins eru þær, að hinir áfrýjuðu dómar verði staðfestir, þó þannig að refsing ákærða verði þýngd.

Ákærði krefst þess um fyrra málið, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af kröfum ákæruvaldsins, en til þrautavara staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Í síðara málinu krefst áfrýjandi sýknu, en til vara þess að refsing verði milduð og jafnframt skilorðsbundin.

I.

Ákæruefni, sem dómur sakadóms Árnassýslu 23. desember 1986 tekur til.

I.A.

Karl F. Jóhannsson, aðalfulltrúi sýslumannsins í Árnassýslu, og Einar Hálfðánarson rekstrarhagfræðingur hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm samkvæmt heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 74/1974, sbr. lög nr. 27/1985.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali 4. september 1980, þar sem ákærða er gefið að sök „að hafa í starfi sínu sem sveitarstjóri Stokkseyrarhrepps, á tímabilinu 1. júlí 1975 til 1. júní 1978, svikið út úr ríkissjóði samtals kr. 2.680.100,- í formi olíustyrks til hrepps-búa, með því að gefa upp ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytis-ins, ýmist í bréfum eða í símtölum, meiri fjölda íbúa hreppsins, sem rétt áttu á olíustyrk úr ríkissjóði, en réttmætt var, og þannig náð meira fé út úr ríkissjóði en hann þurfti í raun til að greiða hrepps-búum í olíustyrki á hverju styrktímabili og síðan hagnýtt sér mismuninn í eigin þarfir“. Eru greiðslur frá ríkissjóði til sveitarstjóra og þau ársfjórðungslöngu styrktímabil, er þær náðu til, síðan sundurliðuð í töfluformi ásamt þeim fjölda styrkþega í Stokkseyrar-hreppi á hverju tímabili, sem sveitarstjóri hafði talið fram. Jafn-framt er tilgreindur sá fjöldi styrkþega á tímabilinu, sem réttmætur var talinn, og rétt greiðsla frá ríkissjóði á grundvelli hans. Loks er sýndur mismunurinn á þeirri greiðslu og hinni raunverulegu greiðslu fyrir tímabilið, en samtala hans, vegna ellefu ársfjórðunga eða styrktímabila, er fyrrgreind fjárhæð í meginmáli ákæruskjals-ins.

Í ákæru er þetta atferli talið varða aðallega við 248. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þ.e. sem fjársvik í opin-beru starfi, en til vara við 1. mgr. 146. gr. og 247. gr., sbr. 138.

gr. sömu laga, þ.e. sem röng skýrslugjöf til opinbers stjórnvalds og sem fjárdráttur í opinberu starfi. Við flutning málsins í héraði var fallið frá sakargift samkvæmt 248. gr. laganna af hálfu ákærvaldsins, eins og um getur í hinum áfrýjaða dómi. Við munnlegan flutning fyrir Hæstarétti var einnig fallið frá sakargift samkvæmt 146. gr. laganna, en í hinum áfrýjaða dómi var ekki talið unnt að sakfella ákærða fyrir brot á þeirri grein (þ.e. laga nr. 19/1940, en ekki nr. 74/1974 eins og þar er ritað af misgáningi). Eftir stendur þá ákæra fyrir brot gegn 247. gr., sbr. 138. gr. laga nr. 19/1940.

Oliustyrkur sá, er um ræðir í máli þessu, er upphaflega til kominn með lögum nr. 5/1974, um álagningu sérstaks gjalds til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana, og lögum nr. 47/1974, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða. Reglugerð um úthlutun olíustyrks, nr. 174/1974, var sett á grundvelli síðarnefndu laganna. Fjár til styrkgreiðslunnar var aflað með gjaldi á söluskattsstofn samkvæmt fyrrnefndu lögunum. Með lögum nr. 6/1975, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o.fl., sem tóku gildi 1. mars 1975, voru bæði fyrrnefndu lög in leyst af hólmi. Hinn 1. mars 1976 tóku svo gildi ný lög með sama nafni, nr. 9/1976, og framlengdu gildistíma gjaldsins til 28. febrúar 1977. Umrædd reglugerð stóð óbreytt þennan tíma.

Samkvæmt þessum lagaheimildum skyldi tekjum af hinu sérstaka gjaldi á söluskattsstofn varið til þess annarsvegar að styrkja þá aðila, sem notuðu olíu til hitunar íbúða sinna, og hinsvegar til að veita styrk til rafveitna að því marki, sem þær notuðu olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sinu. Viðskiptaráðuneytinu var falin umsjá og úthlutun gjaldteknanna og svo fyrirmælt, að þeim hluta teknanna, sem ráðstafað væri til einstaklinga, skyldi úthlutað fyrir milligöngu sveitarfélaga, þar sem þeir væru heimilisfastir. Styrkurinn skyldi nema sömu upphæð á hvern íbúa, sem byggi við olíuupphitun, en lífeyrisþegar almannatrygginga og þeir sem svipað væru settir skyldu þó fá $1\frac{1}{2}$ styrk einstaklings. Í umræddri reglugerð, sem geymdi nánari ákvæði um þessi efni, kom meðal annars fram að ríkissjóður skyldi greiða tekjur af gjaldinu í svorefndan olíusjóð, en viðskiptaráðuneytið síðan ávísa úr honum til sveitarfélaga og rafveitna. Skyldu sveitar-

félögin úthluta olíustyrk til íbúa sinna jafnskjótt og þeim hefðborist greiðslur hans vegna.

Hinn 1. janúar 1977 kom til skjalanna sú breyting á tilhögun olíustyrksins, að hætt var að veita til hans beinum tekjum af gjaldi á söluskattsstofn, og skyldi hann í þess stað borinn uppi af fé, sem til þess yrði veitt í fjárlögum hverju sinni. Var um þetta mælt í nýjum lögum nr. 13/1977 um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o.fl., og nýrri reglugerð nr. 219/1977 um úthlutun olíustyrks. Viðskiptaráðuneytinu var falið að ákveða fjárhæð styrks til einstaklinga og rafveitna með hliðsjón af fjárveitingu hverju sinni, og annaðist það sem fyrr úthlutun styrksins til einstaklinga fyrir milligöngu sveitarfélaga. Greiðsla frá ráðuneytinu skyldi fara fram ársfjórðungslega eftir á frá 1. janúar 1977, en greiðsla fyrir desember 1976 samkvæmt eldri lögum innt af hendi með greiðslunni fyrir janúar - mars 1977. Þessi tilhögun hélst óbreytt fram yfir það tímabil, sem ákæra í málinu nær til.

Samkvæmt ákvæðum nefndra laga nr. 6/1975, 9/1976 og 13/1977 og reglugerða nr. 174/1974 og 219/1977 var það hlutverk sveitarstjórna að gera viðskiptaráðuneytingu grein fyrir fjölda þeirra íbúa sinna, sem rétt ættu á olíustyrk á hverju styrktímabili, og að taka við greiðslu frá ráðuneytinu í einu lagi á styrk þessara íbúa vegna tímabilsins og úthluta honum jafnharðan. Við móttöku greiðslna frá ráðuneytinu varð styrkfé íbúanna að vörslufé sveitarstjórnar, sem hún bar ábyrgð á gagnvart ráðuneytinu annarsvegar og styrkþegum hinsvegar.

Í Stokkseyrarhreppi annaðist ákærði sem sveitarstjóri framkvæmd þessarar milligöngu fyrir hönd sveitarstjórnar á því tímabili, sem ákæra tekur til. Við uppgjör eftir viðskilnað hans var sú afstaða tekin af hálfu viðskiptaráðuneytisins og sveitarstjórnar Stokkseyrarhrepps, að hreppurinn bæri ábyrgð á því styrkfé, sem greitt hefði verið til hans umfram réttan fjölda styrkþega í hreppnum, og mun hann hafa endurgreitt það til ráðuneytisins. Jafnframt mun hreppsnefndin hafa gert ráðstafanir til að leita endurheimtu fjárisins hjá ákærða, en það mál mun ekki til lykta leitt.

Í verknaðarlýsingu í ákæruskjali er ekki sérstaklega að því vikið, að olíustyrkur var ekki greiddur úr ríkissjóði fyrir 1. janúar 1977, heldur af mörkuðum ríkistekjum. Þetta breytir þó ekki gildi ákæru,

né heldur hitt, að orðalag lýsingarinnar beinist meira að fjársvikabroti en að tileinkun vörslufjár.

Af hálfu ákærða er verknaðarlýsing gagnrýnd að því leyti, að brotatímabil sé ranglega tilgreint ef um fjárdrátt sé að ræða. Þannig hafi fyrsta greiðsla til Stokkseyrarhrepps, sem ákæra tekur til, ekki átt sér stað fyrir en 22. september 1975, en hin síðasta hafi farið fram 11. apríl 1978. Einnig sé hin tilgreinda fjárhæð í ákæruskjali önnur en sú, sem ákæruvaldið telji ákærða hafa tileinkað sér, og hafi rannsókn málsins ekki leitt til öruggrar niðurstöðu um það, hvaða fjárhæð fenginna greiðslna geti hafa vantað í sjóð hjá ákærða. Af hálfu ákæruvaldsins er því haldið fram, að vöntunin sé ekki minni en hin tilgreinda fjárhæð. Með tilliti til þess og annarra atvika eru þessar ástæður ekki nægilegar til frávísunar ákæru.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi var eldri héraðsdómur í máli þessu ómerktur með dómi Hæstaréttar 21. júní 1984 og málinu vísað heim í hérað til frekari rannsóknar. Telur ákærði það varða ómerkingu málsins nú, að hinum sérfróðu mönnum, sem dómkvaddir voru til athugunar á fjölda styrkþega í Stokkseyrarhreppi og fleiri málsatvikum, hafi ekki tekist að framkvæma til hlítar þá nákvæmu úttekt, sem Hæstiréttur taldi við þurfa, né heldur hafi þeir staðið að framkvæmdinni með fullnægjandi hætti. Þegar málið var þá fyrir Hæstarétti var það enn aðalefni ákæru, að um væri að ræða brot á 248. gr. eða 146. gr. almennra hegningarlaga, og mótaði það að nokkru niðurstöðu dómsins. Frá þessari heimfærslu hefur síðan verið fallið, eins og fyrir greinir, og ber að fallast á það með dómendum í héraði, að málið sé eftir atvikum nægilega upplýst til að leggja megí á það efnisdóm.

Loks hefur ákærði gagnrýnt það upphaf málsmeðferðar í héraði, að málið var þingfest í sakadómi Árnessýslu og skjöl lögð fram áður en ákærða hafði verið birt, sbr. niðurlagsákvæði 115. gr. laga nr. 74/1974. Það hafi að vísu gerst degi síðar, en síðan hafi enn verið þingað í málinu og skjöl lögð fram áður en verjandi var skipaður 10 dögum eftir þingfestingu. Ljóst er, að ekki var tekið til við yfirheyrslur vitna fyrir dómi fyrir en eftir skipan verjanda, og að honum var gefinn kostur á að vera viðstaddur þær yfirheyrslur. Með tilliti til þessa er ekki ástæða til að ómerkja héraðsdóm vegna þessarar

meðferðar, sem þó má telja aðfinnsluverða. Ber að hafna kröfu ákærða um frávísun málsins frá Hæstarétti.

I.B.

Mál þetta á sér alllangan feril, frá því að ákærði hóf að taka við greiðslum á olíustyrk sem sveitarstjóri í Stokkseyrarhreppi og þar til hinn áfrýjaði dómur var upp kveðinn. Rannsókn þess hófst innan þess tíma, sem máli skiptir samkvæmt 81. og 82. gr. laga nr. 19/1940, og hefur ferillinn ekki rofnað síðan með þeim hætti, að til álita komi að sök sé fyrnd. Geta ber þess, að rannsókn eða úttekt á manntals- og bókhaldsgögnum eftir heimvísun málsins tók lengri tíma en ætíð hefði mátt að óreyndu, en það breytir ekki þessari niðurstöðu.

Málavextir eru skilmerkilega raktir í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar kemur fram sá ákærði um það á starfstíma sínum að tilkynna fjölda þeirra íbúa, er rétt ættu á olíustyrk, taka við greiðslum til sveitarfélagsins og ráðstafa fé til styrkþega. Hann annaðist að öllu leyti vörslur þessara fjármuna, sem haldið var aðskildum frá fjárreiðum og bókhaldi sveitarsjóðs. Er ákæra í málinu á því reist að hann beri ábyrgð á þeim mismun, sem í ljós kom á mótteknum styrk og þeim fjárhæðum, sem hann hafði ráðstafað til styrkþega eða skilað er hann lét af störfum.

Samkvæmt niðurstöðum fyrrgreindra skoðunarmanna námu greiðslur frá viðskiptaráðuneytinu á olíustyrk vegna tímabilsins frá 1. mars 1975 til 31. mars 1978 samtals 17.294.900,00 gömlum krónum, en óskýrður mismunur á þeirri fjárhæð og úthlutuðum styrk ásamt eftirstöðvum hjá ákærða taldist 3.764.435,00 gamlar krónur, eins og nánar er rakið í hinum áfrýjaða dómi. Er sú niðurstaða ekki fjarri því, sem fram kom við fyrri rannsókn. Í útreikningi skoðunarmanna og yfirliti um niðurstöður þeirra eru meðtaldar fjárhæðir, er þeir heimfæra til styrktímabilsins mars - maí 1975, sem verknaðarlýsing ákæru nær ekki yfir. Þessar fjárhæðir ber að telja frá, og hefur saksóknari fallist á þá afstöðu við málflutning fyrir Hæstarétti. Þegar svo er gert verður móttekinn styrkur 16.230.900,00 gamlar krónur, eins og tilgreint er í ákæru, en yfirlit um mismuninn breytist sem hér segir:

Mótttekinn styrkur fyrir styrktímabil frá 1. júní 1975 til 31. mars 1978	kr. 16.230.900,-
Útborgaður styrkur skv. kvittunum vegna sömu tímabila	“ 7.683.582,-
Skuldajöfnun við sveitarsjóð vegna útsvars, fasteignagjalda, rafmagns o.fl.	“ 3.917.888,-
Peningar afhentir oddvita í júlí 1978	“ 950.000,-
Mismunur, þar sem fullnægjandi bóhaldsgögn liggja ekki fyrir	kr. 3.679.430,-

Fallast ber á það með dómendum í héraði, að frá þessum mismun megi draga samtals 696.950,00 gamlar krónur, sem vafi þykir um hvort greiddar hafi verið tilteknum íbúum hreppsins. Standa þá eftir samtals 2.982.480,00 gamlar krónur, sem ákærði hefur ekki gert grein fyrir, og er það hærri fjárhæð en tilgreind er í ákæru. Verður að telja nægilega sannað, að hann hafi dregið sér það fé, sem ákæra fjallar um, þrátt fyrir neitun hans um hagnýtingu í eigin þarfir.

Með vísan til þessa og til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þá niðurstöðu, að ákærði verði sakfelldur fyrir brot á 247. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Ákæruefni, sem dómur sakadóms Reykjavíkur 2. október 1987 tekur til.

Mál þetta varðar meðferð ákærða á veðskuldabréfi, sem honum var falið til umboðssölu í ágúst 1985, og eru málavextir raktir í hinum áfrýjaða dómi. Mál vegna þessa var upphaflega höfðað með ákæruskjali 23. janúar 1987, en því máli var vísað frá sakadómi Reykjavíkur 26. mars 1987 vegna galla á ákæru. Höfðaði ákæruvaldið síðan það mál, sem hér liggur fyrir.

Í málinu var ekki tekin sjálfstæð skýrsla af ákærða, þegar ákæra var birt 15. september 1987, en ákærði vísaði þá til skýrslu, er hann hafði gefið fyrir dómi 3. mars 1987 í fyrra málinu, auk þess að staðfesta síðari skýrslugjöf hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 5. maí 1987. Rétt hefði verið að leggja fyrrnefndu skýrsluna formlega fram í þessu máli, en ekki þykir þó ástæða til ómerkingar af þeim sökum.

Við meðferð málsins er það athugavert, að eftir munnlegan flutning og dómtöku þess 1. október 1987 var það endurupptekið 2. s.m.

og lögð fram skjöl, án þess að verjandi væri til kvaddur, en síðan dómtekið að nýju og dómur lagður á málið. Voru skjöl þessi endurrit af dómi sakadóms Árnassýslu 23. desember 1986 í því máli, sem nú hefur verið sameinað máli þessu, og sakavottorð ákærða, svo og yfirlýsing Sigurðar Brynjólfssonar þess efnis, að hann drægi til baka kæru sína og bótakröfu á hendur ákærða. Fyrirnefndu skjölin tvö voru kunnug verjanda ákærða og rædd við hinn munnlega flutning. Síðastnefnda skjalið er ákærða í hag, og hefur verjandi fyrir Hæstarétti ekki lýst þörf á því, að Sigurður eða ákærði verði krafðir frekari sagna um efni þess, en þeir eru systkinasynir. Þessi meðferð málsins er aðfinnsluverð, en þykir ekki varða ómerkingu þess eins og hér stendur á.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þá niðurstöðu, að ákærði hafi með atferli sínu orðið brotlegur við 247. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Ákvörðun refsingar og sakarkostnaðar.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, var ákærði dæmdur 26. febrúar 1988 í sakadómi Reykjavíkur til 2ja ára fangelsisvistar fyrir allmörg brot, gegn 1. mgr. 155. gr., 247. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga. Endurrit af dómi þessum hefur verið lagt fyrir Hæstarétt og jafnframt upplýst, að honum verði ekki áfrýjað. Þar eð refsíðómar þeir, sem hér eru til umfjöllunar, voru undir áfrýjun og ákærði taldist ekki hafa rofið skilorð þeirra, var refsing ákveðin sjálfstætt í málinu.

Refsingu ákærða fyrir þau brot, sem hann er sakfelldur um hér fyrir dómi, ber að tiltaka í einu lagi með vísan til 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði. Til frádráttar refsivist komi gæsluvarðhaldsvist ákærða í 7 daga samkvæmt úrskurði sakadóms Árnassýslu frá 27. júní 1979.

Staðfesta ber ákvæði beggja hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 45.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 45.000,00 krónur.

Ákærði, Jóhannes Hólm Reynisson, sæti fangelsi 6 mánuði. Til frádráttar refsivist komi gæsluvarðhaldsvist hans 7 daga.

Ákvæði sakadóms Árnassýslu 23. desember 1986 og sakadóms Reykjavíkur 2. október 1987 um greiðslu sakarkostnaðar eru staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 45.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 45.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Árnassýslu 23. desember 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 5. des. sl., er af ákærvaldsins hálfu höfðað með ákæru, dags. 27. júní 1984, fyrir sakadómi Árnassýslu, á hendur Jóhannesi Reynissyni, Austurbrún 29, Reykjavík, fyrir að hafa í starfi sínu sem sveitarstjóri Stokkseyrarhrepps, á tímabilinu 1. júlí 1975 til 1. júní 1978, sviðið út úr ríkissjóði samtals kr. 2.680.100,00 í formi olústyrks til hreppsbúa, með því að gefa upp ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, ýmist í bréfum eða símtölum, meiri fjölda íbúa hreppsins, sem rétt áttu á olústyrk úr ríkissjóði, en réttmætt var, og þannig náð meira fé út úr ríkissjóði en hann þurfti í raun til að greiða hreppsbúum í olústyrki á hverju styrktímabili og síðan hagnýtt sér mismuninn í eigin þarfir, sem sundurliðast eftir tímabilum með eftirgreindum hætti:

Tímabil	Uppg. fjöldi styrkþ.	Þar af með 1½ styrk	Greiðsla (ríkissj.)	Réttur fjöldi styrkþ.	Þar af með 1½ styrk	Rétt greiðsla (ríkissj.)	Mismunur
Júní-ágúst '75	536	43	1.115.000,-	512	43	1.067.000,-	48.000,-
Sept.-nóv. '75	558	34	1.150.000,-	518	43	1.079.000,-	71.000,-
Des.-febr. '76	574	36	1.302.400,-	494	45	1.136.300,-	166.100,-
Mars-mai '76	574	36	1.420.800,-	493	44	1.236.000,-	184.800,-
Júní-ág. '76	584	34	1.442.400,-	434	44	1.214.400,-	228.000,-
Sept.-nóv. '76	584	44	1.454.000,-	484	40	1.209.600,-	244.400,-
Des.-mars '77	584	34	1.983.300,-	470	36	1.613.700,-	369.600,-
Apr.-júní '77	584	44	1.575.600,-	462	38	1.250.600,-	325.000,-
Júlí-sept. '77	584	44	1.575.600,-	465	39	1.259.700,-	315.900,-
Okt.-des. '77	584	44	1.636.200,-	451	38	1.269.000,-	367.200,-
Jan.-mars '78	584	44	1.575.600,-	449	37	1.215.500,-	360.100,-
			Kr. 16.230.900,-				Kr. 13.550.800,-
							2.680.100,-

Framanlýst atferli ákærða telst aðallega varða við 248. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 1. mgr. 146. gr. og 247. gr., sbr. 138. gr. alm. hegningarlaga. Við flutning málsins hinn 5. des. sl. var fallið frá aðalheimvísun (sic) í ákæru af hálfu ákæruvaldsins.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Málavextir.

Hinn 4. maí 1979 barst embætti sýslumannsins í Árnessýslu kæra Sigurðar Baldurssonar hrl. f.h. Stokkseyrarhrepps á hendur Jóhannesi Reynissyni, fyrrverandi sveitarstjóra á Stokkseyri, og var honum gefið að sök að hafa dregið sér kr. 2.680.100,- af oliustyrk sem greiddur hafði verið Stokkseyrarhreppi á tímabilinu júní 1975 til mars 1978 úr ríkissjóði.

Ennfremur var þess farið á leit að rannsókn færi fram á öðru hugsanlegu misferli ákærða í meðferð fjármuna hreppsins meðan ákærði gegndi starfi sveitarstjóra hjá Stokkseyrarhreppi.

Nokkuð viðtæk rannsókn hófst þá þegar og annaðist lögreglan í Árnessýslu rannsókn þessa að mestu leyti. Beindist rannsóknin jöfnum höndum að ofangreindu ætluðu misferli ákærða á oliustyrk og eins að meintum tékkasvikum ákærða varðandi innistæðulausar ávísanir sem hann gaf út f.h. Stokkseyrarhrepps, meðan hann starfaði sem sveitarstjóri þar.

Þar sem skv. ofangreindu ákæruskjali ákærða er eingöngu gefið að sök að hafa svikið út úr ríkissjóði greiðslur vegna oliustyrks, verður samkv. 118. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála ekki fjallað um aðrar sakargiftir á hendur ákærða í máli þessu.

Verða nú málavextir raktir með hliðsjón af lögregluskýrslum, framburðum aðila fyrir dómi og öðrum framlögðum gögnum.

Árið 1975 var ákærði ráðinn sveitarstjóri Stokkseyrarhrepps og var í þeirri stöðu fram í júní 1978, en þá fóru fram sveitarstjórnarkosningar. Á hreppsnefndarfundum var fellt hinn 5. júní 1978 að endurráða ákærða sem sveitarstjóra, og lét ákærði þá af störfum. Við starfi sveitarstjóra tók til bráðabirgða nýkjörinn oddviti Steingrímur Jónsson, en í ágúst þetta sumar tók Einar Sveinbjörnsson við sveitarstjórástörfum. Kom fljótlega í ljós að misræmi var á uppgefnum fjölda oliustyrkþega hjá Stokkseyrarhreppi, sem ákærði gaf upp hjá Stokkseyrarhreppi meðan hann gegndi starfi sveitarstjóra á Stokkseyri, og þeirra sem nýkjörinn oddviti og sveitarstjóri töldu eiga rétt á styrk þessum.

Gerðu þeir könnun á þessum málum og kom í ljós að á tímabilinu júní 1975 til mars 1978 hefði verið ofgreitt úr ríkissjóði kr. 2.680.100,-.

Venja var að greiða oliustyrk á 3ja mánaða fresti og á þessu tímabili gaf ákærði upp fjölda þeirra sem rétt átti á oliustyrk til viðskiptaráðuneyt-

is. Síðan var ákærða send ávísun og var upphæð ávísunarinnar í samræmi við uppgjöfinn fjölda olíustyrkþega.

Ofangreind athugun þeirra Steingríms Jónssonar og Einars Sveinbjörns-sonar var gerð á þann hátt að þeir báru saman olíuskrá og flutningstilkynningar á tímabili ákærða sem sveitarstjóra og fjölda olíustyrkþega sem ákærði gaf upp á hverju tímabili, og gerðu þeir yfirlit.

Er yfirlit það með eftirgreindum hætti:

Fjöldi olíustyrkþega í Stokkseyrarhreppi:

	Fjöldi	Þar af 1½ styrkur
Mars - maí 1975	512	40
Júní - ágúst 1975	512	43
Sept. - okt. 1975	518	43
Des. '75 - febr. 1976	494	45
Mars - maí 1976	493	44
Júní - ágúst 1976	484	44
Sept. - nóv. 1976	484	40
Des. '76 - mars 1977	470	38
Apríl - júní 1977	462	38
Júlí - sept. 1977	465	39
Okt. - des. 1977	451	38
Jan. - mars 1978	449	37

Ofangreint yfirlit var sent ríkisendurskoðun hinn 5. mars 1970. Í bréfi ríkisendurskoðunar, dags. 9. mars 1979, til viðskiptaráðuneytis segir orðrétt: „Ef yfirlit núverandi forráðamanna er rétt hefur verið ofgreitt úr ríkissjóði kr. 2.680.100,- vegna olíustyrks.“ Síðar í sama bréfi leggur ríkisendurskoðun til að olíustyrkur verði ekki greiddur til Stokkseyrarhrepps fyrr en ofangreindar g.kr. 2.680.100,- hafa verið endurgreiddar í ríkissjóð, nema hreppurinn geti sannað að olíustyrkskröfur gerðar á starfstíma ákærða séu á rökum reistar.

Hinn 8. maí 1979 mætti ákærði til yfirheyrslu hjá lögreglu vegna þessa máls. Þar skýrði ákærði frá því að hann hefði annast greiðslur á olíustyrk til þeirra íbúa Stokkseyrarhrepps sem áttu kröfu á styrk þessum. Kvað ákærði starfstúlkur á hreppsskrifstofu hafa tekið saman og skrifað yfirlýsingu um fjölda styrkþega á hverjum tíma, en hann hefði skrifað þar undir áður en yfirlýsing var send ráðuneyti. Kvað ákærði fjármál vegna olíustyrks ekki hafa verið inni í sveitarsjóðsreikningi og hefði svo verið áður en ákærði tók við starfi sveitarstjóra. Hefði hann fengið senda ávísun sem hann hefði innleyst í banka. Síðan sagðist ákærði hafa farið yfir reiknings-

stöðu styrkþega áður en til greiðslu hefði komið. Ef styrkþegi skuldaði sveitarsjóði vegna útsvars, fasteignagjalda eða skuldaði rafveitu sem rekin var af hreppnum, hefði sú upphæð verið tekin af oliustyrknum upp í skuld viðkomandi við hreppinn. Að þessu loknu sagði ákærði, var gefin út tilkynning um útborgun á oliustyrk. Kvaðst ákærði hafa greitt styrkinn út í peningum sem geymdir hefðu verið í peningaskáp á skrifstofu hreppsins. Ákærði var inntur eftir því hvort hann hefði stemmt oliustyrkinn af. Ákærði kvaðst ekki muna sérstaklega eftir því, en taldi að hann hefði beðið skrifstofustúlkur hreppsins að gera það.

Ákærði skýrði einnig frá því að þegar hann hefði hætt sem sveitarstjóri Stokkseyrarhrepps hefði hann farið með þau gögn er vörðuðu oliustyrk til að láta endurskoða. Ákærði sagði endurskoðun ekki hafa farið fram, en gögn þessi væru í höndum lögmanns hans Hilmars Ingimundarsonar hrl. Ákærði gat þess enn fremur að lögmaður ákærða væri ekki heima þar eð hann hefði haldið utan tveimur dögum áður. Í yfirheyrslu þennan dag lofaði ákærði að afhenda lögreglu öll gögn, sem hann hefði undir höndum varðandi oliustyrk, hinn 25. maí 1979.

Ákærði boðaði hins vegar forföll hinn 25. maí. Hinn 14. júní 1979, þegar ákærði hafði hvorki mætt til yfirheyrslu né skilað til lögreglu framan-greindum gögnum varðandi oliustyrk, var ákærði handtekinn og færður til yfirheyrslu. Lýsti ákærði þá yfir að bókhaldsgögn væru hjá lögmanni sínum, Hilmari Ingimundarsyni hrl. Þennan sama dag voru gögn þessi sótt til áðurgreinds lögmanns.

Gerð var athugun af hálfu lögreglu á gögnum þessum sem voru kvittanir fyrir greiðslum á oliustyrk frá mars 1975 til mars 1978. Voru kvittanir þessar í þremur skjalamöppum. Kom þá eftirfarandi í ljós:

1. Stokkseyrarhreppur hefði fengið greiddar úr ríkissjóði g.kr. 17.294.400,- vegna oliustyrks.
2. Kvittanir frá viðtakendum eða kvittanir með áritun um upphæð oliustyrks hefðu farið til greiðslu á gjöldum til sveitarfélagsins, að upphæð g. kr. 13.873.532,-. Þar af voru þó með taldar óstaðfestar og ómerktar kvittanir fyrir g.kr. 348.400,-.
3. Ákærði hafði gert athugasemdir aftan við öll greiðslutímabil nema janúar-mars 1978. Þar með voru talin upp nöfn og heimilisföng aðila ásamt fjárupphæð og tekið var fram að kvittanir vantaði. Taldi ákærði að st. vantaði eftir þessum gögnum að dæma kvittanir fyrir g.kr. 1.932.600,-.

Hér eftir fer yfirlit sem Hergeir Kristgeirsson rannsóknarlögreglumaður tók saman um greiðslur oliustyrks á vegum Stokkseyrarhrepps frá mars 1975 til mars 1978:

	Úr ríkissj.	Gr. skv. kv.	Mism./skuld
Mars - maí 1975	1.064.000,-	1.005.000,-	59.000,-
Júní - ágúst 1975	1.115.000,-	980.000,-	135.000,-
Sept. - nóv. 1975	1.150.000,-	912.650,-	237.350,-
Des. '75 - febr. 1976	1.302.400,-	1.083.400,-	219.000,-
Mars - maí 1976	1.420.800,-	1.045.600,-	375.200,-
Júní - ágúst 1976	1.442.400,-	1.086.800,-	355.600,-
Sept. - nóv. 1976	1.454.000,-	1.099.200,-	354.800,-
Des. '76 - mars 1977	1.983.300,-	1.450.150,-	533.150,-
Apr. - júní 1977	1.575.600,-	1.172.232,-	403.368,-
Júlí - sept. 1977	1.575.600,-	1.246.700,-	328.900,-
Okt. - des. 1977	1.636.200,-	1.170.200,-	466.000,-
Jan. - mars 1978	1.575.600,-	1.621.600,-	÷ 46.000,-
	Gr. kr. 13.873.532,-	Sk. 3.421.368,-	
	Alls kr. 17.294,-	17.294.900,-	

Í framhaldi af athugun á framangreindum gögnum um olíustyrk var gerð lausleg könnun á athugasemdum ákærða um að kvittanir vantaði í tilgreind skipti. Leiddi það í ljós að sumir sem gerð var athugasemd við og ákærði taldi að hefðu fengið greiddan olíustyrk, en kvittanir vantaði um, voru fluttir frá Stokkseyri. Ennfremur var í sumum húsum um rafmagnshitun að ræða og áttu íbúar þeirra húsa ekki rétt á olíustyrk. Þá fullyrti tilgreindur aðili, Hörður Sigurgrímsson bóndi í Holti, að bændur þar hefðu ekki fengið greiddan olíustyrk á tímabilinu mars 1975 til desember 1977, en á því tímabili taldi ákærði að kvittanir vantaði fyrir upphæð g.kr. 455.000,- vegna greiðslna til þeirra.

Fimmtudaginn 21. júní 1971 mætti ákærði að nýju til yfirheyrslu hjá lögreglu. Skýrði ákærði frá því að hann hefði farið inn á skrifstofu Hilmars Ingimundarsonar hrl., meðan Hilmar var erlendis, og tekið bókhaldsgögn varðandi greiðslur á olíustyrk í Stokksýrarhreppi frá mars 1975 til maí 1978.

Kvaðst ákærði hafa síðan yfirfarið þessi gögn og skrifað þar athugasemdir um kvittanir sem ákærði taldi vanta. Athugasemdir þessar eru í skjalamöppunum aftan við hvert greiðslutímabil. Að þessu loknu sagðist ákærði hafa skilað gögnunum aftur á skrifstofu lögmannsins.

Ákærði gerði síðan grein fyrir hverri athugasemd fyrir sig, en athugasemdir þessar voru 50 að tölu og voru athugasemdir bæði um einstaka íbúa og íbúðarhúsnæði, og fer skrá þessi hér á eftir ásamt athugasemdum ákærða.

1) Ásmundur Gunnarsson, Bræðratungu. Er talinn hafa fengið kr. 12.000,- greiðslu fyrir tímabilið mars til maí 1975. Telur ákærði að hann muni

hafa skuldað gjöld til hreppsins og að þetta hafi hugsanlega farið upp í þau. Þá minnir hann að sér hafi tekist að innheimta gjöldin þar sem Ásmundur vann.

2) Hellukot. Þangað er talið að greiddar hafi verið kr. 53.500,- fyrir tímabilið frá mars 1975 til ágúst 1976. Þorir ákærði ekki að fullyrða að þessar greiðslur hafi verið inntar af hendi.

3) Marta B. Guðmundsdóttir, Skálafelli. Er talin hafa fengið kr. 66.000,- fyrir tímabilin mars til maí 1975 og frá september 1975 til mars 1977. Segir ákærði að sér þyki trúlegt að hún hafi a.m.k. fengið greiðsluna fyrir mars til maí 1975, en getur ekkert fullýrt um þetta.

4) Pálmar Þ. Eyjólfsson, Skipagerði. Hjá honum vantar kvittun fyrir kr. 10.000,- fyrir tímabilið mars til maí 1975. Telur ákærði vafalaust að hann hafi fengið þessa greiðslu.

5) Hjörtur Sveinbjörnsson, Blátindi. Hjá honum vantar kvittun fyrir kr. 8.000,- fyrir tímabilið mars til maí 1975. Telur ákærði að hann hljóti að hafa fengið þessa greiðslu.

6) Viktoría Ólafsdóttir, Strönd. Ekki eru kvittanir frá henni fyrir tímabilið frá mars 1975 til ágúst 1976. Mætti kveðst ekki muna eftir því hvort hún hafi fengið þessar greiðslur, samt. kr. 19.800,-, en vísar á Ólaf Gíslason, Sandvik, Eyrarbakka, sem hann segir að hafi sótt peningana fyrir hana.

7) Sigurður Árnason, Óseyri. Þar vantar kvittun fyrir kr. 2.000,- fyrir tímabilið frá mars til maí 1975. Mætti telur að hann hafi fengið þessa greiðslu.

8) Siggeir Ingólfsson, Vegamótum. Vantar kvittun fyrir kr. 3.000,- fyrir tímabilið frá mars til maí 1975. Telur mætti að hann hljóti að hafa fengið greiðsluna.

9) Kristján Friðbergsson, Kumbaravogi. Frá honum vantar kvittanir fyrir kr. 441.000,- fyrir tímabilin júní til nóvember 1975 og frá ágúst 1976 til júní 1977. Segir mætti að Kristján hafi örugglega alltaf fengið þessar greiðslur, en að vera kunní að fólksfjöldi hafi verið oftalinn.

10) Guðbjörg Helgadóttir, Sólbakka. Frá henni vantar kvittanir fyrir kr. 50.400,- fyrir tímabilið frá júní 1975 til maí 1976. Er mætti ekki viss um hvernig þessu var háttað. Telur líklegt að hún hafi aldrei fengið þetta greitt í peningum, en verið gæti að þetta hafi verið fært til greiðslu á gjöldum heimilisfólksins.

11) Steingrímur Sigurðsson, Roðgúl. Frá honum vantar kvittanir fyrir tímabilið frá júní 1975 til nóvember 1976, samtals kr. 57.200,-. Telur mætti að annaðhvort hafi Steingrímur alls ekki fengið þetta eða þá að það hafi farið til greiðslu á gjöldum hans hjá hreppnum.

12) Hilmar Leifsson, Bræðratungu. Frá honum vantar kvittanir fyrir tímabilin frá júní 1975 til febrúar 1976 og frá september 1976 til desember

1977, samtals kr. 143.900,-. Kveðst mætti vera þess fullviss að Hilmar hafi fengið þessar greiðslur allar.

13) Jón Ingvarsson, Skipum. Frá honum vantar kvittanir fyrir kr. 33.500,- fyrir tímabilin september til nóvember 1975 og fyrir október til desember 1977. Telur mætti að hann hafi fengið þetta.

14) Helgi Ívarsson, Hólum. Frá honum vantar kvittanir fyrir kr. 18.800,- fyrir tímabilin september til nóvember 1975 og fyrir október til desember 1977. Telur mætti að hann hafi fengið þetta.

15) Róbert Jónsson, Brautartungu. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 14.000,- fyrir tímabilið frá september 1975 til nóvember 1975. Segir mætti öruggt að hann hafi fengið greiðsluna.

16) Einar Páll Bjarnason, Sæbergi. Frá honum vantar kvittanir fyrir kr. 21.000,- fyrir tímabilið frá september 1975 til febrúar 1976. Segir mætti að hann hafi örugglega fengið þetta.

17) Þórður Guðnason, Sunnutúni. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 6.000,- fyrir tímabilið frá september til nóvember 1975. Þetta segir mætti að Þórður hafi örugglega fengið.

18) Bjarni Bryjólfsson, Skálavík. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 2.000,- fyrir tímabilið frá september til nóvember 1975. Mætti telur öruggt að hann hafi fengið greiðsluna.

19) Gísli Guðnason, Sandgerði. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 9.000,- fyrir tímabilið frá september til nóvember 1975. Telur mætti að hann hafi fengið greiðsluna.

20) Magnús Bjarnason, Pálsbæ. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 2.000,- fyrir tímabilið frá september til nóvember 1975. Mætti segir að hann hafi örugglega fengið þetta.

21) Albert Magnússon, Lyngholti. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 8.000,- fyrir tímabilið frá desember 1975 til febrúar 1976. Mætti segir hann örugglega hafa fengið þetta.

22) Guðmundur Gunnarsson, Varmadal. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 2.200,- fyrir tímabilið desember 1975 til febrúar 1976. Segir mætti að hann hafi örugglega fengið þetta. Tekið skal fram að Guðmundur Gunnarsson er nú látinn.

23) Ingimundur Jónsson, Vinaminni. Frá honum vantar kvittanir fyrir kr. 85.000,- fyrir tímabilið frá desember 1975 til nóvember 1976. Mætta er skýrt frá því að skv. tilkynningu frá Hagstofunni til Stokkseyrarhrepps hafi Ingimundur flutt lögheimili sitt frá Stokkseyri 1. janúar 1976. Telur mætti að Ingimundur hafi ekki fengið þessar greiðslur.

24) Einar Helgason, Bræðraborg. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 13.200,- fyrir tímabilið frá desember 1975 til febrúar 1976. Mætti telur öruggt að Einar hafi fengið þessa greiðslu.

25) Sæmundur Sæmundsson, Túni. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 3.300,- fyrir tímabilið frá mars til maí 1976. Mætta er bent á að rafhitun sé í Túni og Sæmundur því ekki átt rétt á greiðslu. Mætti segir að þessi greiðsla muni ekki hafa verið innt af hendi.

26) Kristinn Sigtryggsson, Vegamótum. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 11.000,- fyrir tímabilið frá mars til maí 1976. Mætti kveðst ekki muna þetta og geti hann ekki sagt til um það, hvort greiðslan hafi verið innt af hendi.

27) Sigurður Bjarnason, Baldursheimi. Frá honum vantar kvittanir fyrir kr. 23.000,- fyrir tímabilið mars til ágúst 1976. Mætti telur hann hafa fengið greiðslurnar.

28) Holt 1, 2 og 3. Þarna er um félagsbú að ræða með sameiginlegu bókhaldi. Þaðan vantar kvittanir fyrir kr. 455.000,- fyrir tímabilið frá maí 1976 til desember 1977. Mætta er bent á að Hörður Sigurgrímsson í Holti hafi ekki kannast við að hafa tekið við þessum greiðslum. Fellst mætti á að þetta hafi alls ekki verið greitt.

29) Gylfi Zóphoniasson, Unhól eða Fagradal. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 8.800,- fyrir tímabilið frá mars til maí 1976. Mætti telur að þetta hafi verið greitt til Gylfa.

30) Sigurður Ingibergur Gunnarsson, Strönd. Frá honum vantar kvittanir fyrir kr. 7.400,- fyrir tímabilin frá september til nóvember 1976 og frá apríl til september 1977. Telur mætti að þessi greiðsla hafi verið innt af hendi.

31) Pétur Behrens, Keldnakoti. Frá honum vantar kvittanir fyrir kr. 34.400,- fyrir tímabilið frá september 1976 til desember 1977. Mætta er bent á að rafhitun sé í Keldnakoti og hafi verið á þessum tíma. Kveðst mætti telja að þetta hafi ekki verið greitt.

32) Bjarkar Snorrason, Tóftum. Frá honum vantar kvittanir fyrir kr. 63.000,- fyrir tímabilið frá september 1976 til september 1977. Mætti kveðst ekki geta sagt til um hvort þetta sé rétt, en vísar til Bjarkars sjálfs með umsögn um þetta.

33) Sveinbjörn Guðjónsson, Björgvin. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 16.500,- fyrir tímabilið frá mars til maí 1977. Mætti kveðst ekki vita hvort þetta hafi verið greitt, en fram hefur komið að Sveinbjörn flutti til Stokkseyrar 23. maí 1977.

34) Sigurður Garðarsson, Íragerði. Frá honum vantar kvittanir fyrir kr. 9.200,- fyrir tímabilið frá desember 1976 til desember 1977. Skv. upplýsingum frá skrifstofu Stokkseyrarhrepps var Sigurður með rafhitun allt árið 1977 og átti því ekki rétt á styrk. Mætti kveðst ekkert geta sagt um þessar greiðslur.

35) Hulda Óskarsdóttir, Kjartanshúsi. Frá henni vantar kvittanir fyrir

kr. 17.000,- fyrir tímabilið frá desember 1975 til september 1977. Getur mætti ekki sagt til um það hvort hún hafi fengið þessar greiðslur.

36) Hallgrímur Jónsson, Íragerði. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 13.200,- fyrir tímabilið frá desember 1976 til mars 1977. Telur mætti öruggt að hann hafi innt greiðslu þessa af hendi.

37) Siggeir Pálsson, Baugstöðum. Frá honum vantar kvittanir fyrir kr. 17.700,- fyrir tímabilið frá desember 1976 til júní 1977. Mætti telur víst að Siggeir hafi fengið þessar greiðslur.

38) Erla Sigurbórsdóttir, Helgafelli. Frá henni vantar kvittun fyrir kr. 13.000,- fyrir tímabilið frá apríl til júní 1977. Mætti kveðst viss um að þetta hafi verið greitt.

39) Kristinn Karl Ægisson, Jaðri. Frá honum vantar kvittanir fyrir kr. 7.800,- fyrir tímabilið frá apríl til september 1977. Telur mætti víst að þetta hafi verið greitt.

40) Ingibjörg Ottesen, Skálafelli. Frá henni vantar kvittun fyrir kr. 7.800,- fyrir tímabilið frá apríl til júní 1977. Getur mætti ekki sagt ákveðið til um hvort þetta hafi verið greitt.

41) Hörður Pálsson, Snæfelli. Frá honum vantar kvittanir fyrir kr. 31.800,- fyrir tímabilin apríl til júní 1977 og október til desember 1977. Segir mætti að Hörður hafi örugglega fengið þetta.

42) Sigurður Pálsson, Baugstöðum. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 7.800,- fyrir tímabilið frá apríl til júní 1977. Mætti telur að þetta hafi örugglega verið greitt.

43) Ingibjörg Kristinsdóttir, Bjarnaborg. Frá henni vantar kvittanir fyrir kr. 7.950,- fyrir tímabilið frá júlí til desember 1977. Telur mætti öruggt að hún hafi fengið þetta.

44) Jónas Larsson, Nýjakastala. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 13.000,- fyrir tímabilið frá júlí til september 1977. Mætti segir það öruggt að þetta hafi verið greitt.

45) Magnús Ingi Gíslason, Birkihlið. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 10.800,- fyrir tímabilið frá júlí til september 1977. Mætti segir að þetta hafi örugglega verið greitt.

46) Sigurður Pálsson, Helgastöðum. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 8.100,- fyrir október til desember 1977. Mætti kveðst ekki muna eftir þessu og sé æskilegt að athuga það nánar.

47) Áslaug Alfreðsdóttir, Merkigarði. Frá henni vantar kvittun fyrir kr. 4.050,- fyrir tímabilið frá október til desember 1977. Mætti segir að Sveinbjörn Guðmundsson, útibússtjóri K.Á. á Stokkseyri, hafi alltaf tekið styrkinn fyrir Áslaugu og að líklegt sé að svo hafi einnig verið í þetta skipti.

48) Kristinn Jónsson, Móhúsum. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 2.700,- fyrir tímabilið frá október til desember 1977. Getur mætti ekki full-

yrt um það hvort þetta hafi verið greitt og að athuguðu máli megi telja það ólíklegt.

49) Guðmundur Þórðarson, Útgörðum. Frá honum vantar kvittun fyrir kr. 13.300,- fyrir tímabilið október til desember 1977. Er mætta bent á að á því tímabili hafi verið rafhitun í Útgörðum og því ekki réttur til oliu-styrks.

50) Baugstaðir 1, 2 og 3. Þaðan vantar kvittanir fyrir tímabilið frá október til desember 1977. Mætti óskar eftir að þetta verði kannað. Hann kveðst ekki geta fullyrt um þetta.

Þennan sama dag 21. júní 1979 var ákærði síðan úrskurðaður til að sæta allt að 7 daga gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins.

Næstu daga fór fram nokkuð ítarleg rannsókn á ofangreindum athugasemdum ákærða og var fjöldi manns yfirheyrður í því sambandi. Af aðilum þessum töldu eftirtaldir a.m.k. líklegt, að þeir hefðu fengið greiddan oliu-styrk sem um getur í athugasemdum ákærða hér að framan.

1. Gylfi Zóphoniasson, Fagraðal, Stokkseyri	 g.kr.	8.800,-
2. Erla Sigurbórsdóttir, Helgafelli, Stokkseyri	... "	13.000,-
3. Siggeir Ingólfsson, Hásteinsvegi 2, Stokkseyri, áður á Vegamótum	 "	3.000,-
4. Helgi Ívarsson, Hólum, Stokkseyrarhr.	 "	13.800,-
5. Jónas Larson, Nýkastala, Stokkseyrarhr.	 "	13.000,-
Samtals		g.kr. 56.600,-

Eftirtaldir aðilar sögðust hins vegar ekki hafa fengið greiddan áður-greindan oliustyrk.

1. Guðmundur Þórðarson, Útgörðum, Stokkseyri	 g.kr.	15.500,-
2. Sigurður Árnason, Baldursheimi, Stokkseyri	.. "	2.000,-
3. Pétur Behrens, Keldnaholti, Stokkseyri	 "	54.400,-
4. Hörður Sigurgrímsson, Holti, Stokkseyri, f.h. Holtsbúsins	 "	455.000,-
5. Jórunn Andréasdóttir, Hellukoti, Stokkseyri	.. "	53.500,-
6. Ásmundur Gunnarsson, Bræðratungu, Stokkseyri, nú á Engjavegi 5, Selfossi	 "	12.000,-
7. Sigurður Garðarsson, Íragerði, Stokkseyri	... "	13.200,-
8. Ingimundur Jónsson, Hafnargötu 68, Keflavík, áður í Vinaminni, Stokkseyri	 "	85.000,-
9. Marta Guðmundsdóttir, Skálafelli, Stokkseyri, nú að Ljósheimum 16, Reykjavík	 "	66.000,-

10.	Steingrímur Sigurðsson, Roðgúl, Stokkseyri, nú að Brautarholti 22, Reykjavík	“	57.200,-
11.	Sveinbjörn Guðmundsson f.h. d/b Áslaugar Alfreðsd., Merkigarði, Stokkseyri .	“	4.050,-
Samt.			g.kr. 817.850,-

Ennfremur kváðu neðangreindir aðilar ólíklegt að þeir hefðu fengið umræddan olíustyrk, eða ólíklegt væri að svo væri með hliðsjón af gögnum málsins.

1.	Kristinn Jónsson, Móhúsum, Stokkseyri	g.kr.	2.700,-
2.	Bjarkar Snorrason, Tóftum, Stokkseyri	“	63.000,-
3.	Guðbjörg Helgadóttir, Sólbakka, Stokkseyri, nú að Grænuhlíð 4, Reykjavík	“	50.400,-
4.	Garðar Einarsson, Íragerði, Stokkseyri, nú að Espigerði 2, Reykjavík	“	9.200,-
5.	Sæmundur Sæmundsson, Túni, Stokkseyri ..	“	3.300,-
6.	Jón Ingvarsson, Skipum, Stokkseyri	“	33.500,-
Samtals			g.kr. 162.100,-

Þessir aðilar sögðust ekki geta fullyrt um ofangreind atriði:

1.	Magnús Ingi Gíslason, Birkihlíð, Stokkseyri .	g.kr.	10.800,-
2.	Gísli Guðnason, Sandgerði	“	9.000,-
3.	Sigurður Pálsson f.h. Baugst. búans I og II	“	36.600,-
4.	Albert Magnússon, Lyngholti, Stokkseyri	“	8.000,-
5.	Pálmar Þ. Eyjólfsson, Skipagerði, Stokkseyri	“	10.000,-
6.	Einar Helgason, Bræðraborg, Stokkseyri	“	13.200,-
7.	Ingibjörg Kristinsd., Bjarnaborg, Stokkseyri .	“	7.950,-
8.	Hilmar Leifsson, Bræðratungu, Stokkseyri, nú að Úthaga 1, Selfossi	“	143.900,-
9.	Kristján Friðbergsson, Kumbaravogi, Stokkseyri	“	441.000,-
10.	Sveinbjörn Guðmundsson, Björgvin, Stokkseyri	“	16.500,-
Samt.			g.kr. 696.950,-

Framangreindur Kristján Friðbergsson, sem rekur m.a. vistheimili á Kumbaravogi, hefur skýrt svo frá að á ýmsu hafi gengið varðandi samskipti

Kristján s við ákærða vegna oliustyrks. Kvað nefndur Kristján oliustyrk hafa gengið upp í gjöld til hreppsins og sagðist Kristján naumast vita hvort hann hefði fengið styrkinn eða ekki. Að sögn Kristjáns lenti hann í orðaskaki við ákærða vegna þessa og upp úr því hefði ákærði fengið hjá sér lista yfir vistmenn.

Varðandi tímabilin júní - nóv. 1975, ágúst 1976 og júní 1977 kveðst Kristján engar upplýsingar geta gefið. Hann muni ekki sérstaklega eftir þessum tímabilum.

Samkvæmt kvittunum þessum kemur einnig í ljós að kvittanir er að finna fyrir greiðslu oliustyrks til íbúa nokkurra staða þar sem hús voru rafmagnshituð (sjá yfirlit síðar um hús, þar sem rafmagnshitun hefur verið komið á). Kvittanir þessar eru með eftirgreindum hætti:

1.	Keldnaholt, mars - maí 1975	g.kr.	8.000,-
2.	Holt I, " " "	"	18.000,-
3.	Holt II, " " "	"	16.000,-
4.	Holt III, " " "	"	16.000,-
5.	Skip, " " "	"	8.000,-
6.	Holt I-III, júní - ágúst 1975	"	50.000,-
7.	Keldnaholt, " " "	"	8.000,-
8.	Holt I, sept. - nóv. 1975	"	18.000,-
9.	Holt II, " " "	"	16.000,-
10.	Holt III, " " "	"	16.000,-
11.	Keldnaholt, sept. - nóv. 1975	"	8.000,-
12.	Holt II, des. - febr. 1976	"	17.600,-
13.	Holt III, " " "	"	17.600,-
14.	Keldnaholt, des. - febr. 1976	"	8.800,-
15.	Skip, " " "	"	6.000,-
16.	Baugstaðir I, mars - maí 1976	"	6.600,-
17.	Baugstaðir III, " " "	"	8.800,-
18.	Keldnakot, " " "	"	8.800,-
19.	Baugstaðir I, júní - ágúst 1976	"	7.200,-
20.	Baugstaðir III, " " "	"	7.200,-
21.	Skip, " " "	"	7.200,-
22.	Baugstaðir I, sept. - nóv. 1976	"	7.200,-
23.	Baugstaðir III, " " "	"	7.200,-
24.	Baugstaðir I, des. - mars 1977	"	9.900,-
25.	Baugstaðir I, júlí - sept. 1977	"	5.200,-
26.	Baugstaðir III, " " "	"	7.800,-
27.	Útgarður, " " "	"	10.400,-

Samtals g.kr. 325.500,-

Ákærða voru kynntir ofangreindir framburðir hinn 27. júní 1979. Skýrði ákærði frá því að hann tæki alla þessa framburði trúanlega nema framburði Hilmars Leifssonar og Kristjáns Friðbergssonar. Fullyrti ákærði að aðilar þessir hefðu fengið þær upphæðir greiddar er ákærði hefði gefið upp, þó með þeirri athugasemd að ákærði kvaðst ekki vera viss um fjölda olíustyrkþega á vegum Kristjáns Friðbergssonar á hverjum tíma. Samkvæmt gögnum málsins flutti Hilmar Leifsson frá Stokkseyri 1. des. 1976. Íbúafjöldi á Kumbaravogi 1. des. 1975 (lögheimili) var 19 manns, 1. des. 1976 14 og 1. des. 1977 15 manns.

Í ofangreindri yfirheyrslu breytti ákærði ennfremur fyrri framburði á þá leið að stúlkur þær sem hefðu unnið á hreppsskrifstofunni hefðu skrifað þau bréf er hefðu verið send viðskiptaráðuneyti um fjölda olíustyrkþega. Ákærði kvaðst ekki muna hvernig tala styrkþega var fundin, en hann sagðist telja jafnvel að í upphafi hefði hann farið eftir síðustu tilkynningu til ráðuneytis. Kvaðst ákærði ekki muna eftir að hafa farið yfir íbúðaskrána í hreppnum, eða hann hefði beðið stúlkurnar á skrifstofunni að gera það.

Að sögn ákærða skrifuðu stúlkurnar kvittanir, en upphæðin var ekki sett á þær fyrr en greiðsla fór fram, þ.e.a.s. þegar viðkomandi sótti peningana, eða upphæðin var færð til greiðslu á gjöldum viðkomandi hjá hreppnum. Hefðu stúlkurnar skrifað þetta þegar lítið hefði verið að gera á skrifstofunni. Ákærði sagði að þegar greiðsla hefði borist frá ríkisféhirði hefði verið farið yfir stöðu hvers og eins hjá hreppnum og styrkurinn tekinn upp í gjöld hjá þeim sem þau hefðu skuldað. Kvaðst ákærði hafa gert þetta oftast sjálfur, en verið gæti að hann hefði stundum beðið stúlkurnar að gera það. Hefði verið merkt á kvittanirnar til hvers upphæðin hefði verið notuð. Ákærði sagði þó að hugsanlegt væri að gleymst hefði að merkja á kvittunina til hvers peningarnir hefðu verið notaðir.

Ákærði kvaðst aldrei hafa borið saman upphæðina sem greidd var úr ríkissjóði og þá upphæð sem borguð var út til styrkþega. Sagðist ákærði ekki muna eftir að peninga hefði vantað í olíusjóð. Ákærði kvaðst heldur ekki minnast að Ragnheiður Sigurgrímsdóttir, starfsstúlka á hreppsskrifstofunni, hefði haft orð á því við ákærða að hún hefði tekið peninga úr sveitarsjóði vegna þess að olíusjóður hefði verið tómur.

Ákærði hefur neitað að hafa tekið sjálfur mismun þeirrar upphæðar sem greidd var úr ríkissjóði og hinnar sem greidd var til styrkþega.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa gripið til peninga í olíusjóði ef sveitarsjóður var tómur og mikið lá við. T.d. kvaðst ákærði muna eftir að hann hefði orðið að grípa til þessara peninga þegar olíumöl var lögð á götur á Stokkseyri. Kvaðst ákærði þó ekki muna eftir öðru en þetta hefði alltaf verið greitt til baka svo fljótt sem unnt var.

Þá hefur ákærði greint frá því, eins og áður greinir, að hann hefði greitt

Steingrími Jónssyni, núverandi oddvita Stokkseyrarhrepps, eftirstöðvar olíustyrks, þegar ákærði hefði hætt störfum hjá Stokkseyrarhreppi, g.kr. 950.000,- og af því a.m.k. g.kr. 350.000,- í peningum, en ákærði kvaðst ekki muna hvort hann greiddi g.kr. 600.000,- með ávísun eða peningum.

Með bréfi dags. 10. júlí 1979 skrifaði ákærði rannsóknaraðilum eftirfarandi:

„Ég vil að það komi fram að nóttina eftir fyrsta hreppsnefndarfund þann 5. júní 1978 fóru þeir Steingrímur Jónsson oddviti og Birkir Pétursson vara-oddviti inn á skrifstofu mína hjá hreppnum, en þeir höfðu fengið lykla hjá starfsstúlku hreppsins án minnar vitundar. Steingrímur og Birkir skiptu um læsingu að skrifstofunni. Ég kom svo ekki fyrr en 8. júní 1978 á skrifstofuna til að sækja bókhald hreppsins og koma því til endurskoðanda til uppgjörs og frágangs. Ég var þá var við að hróflað hafði verið við skjölum, þau höfðu auðsjáanlega verið færð úr stað. Ég kannaði ekki sérstaklega hvort einhver skjöl varðandi bókhald hreppsins hefðu horfið, en með tilliti til þess sem síðan hefur komið í ljós, bæði varðandi bókhald hreppsins svo og olíustyrkinn, tel ég að svo kunni að hafa verið. Eitt er víst að bókhaldsskjöl hafa horfið, en frá því að skipt var um læsingu var skrifstofan eigi lengur á minni ábyrgð. Ég krefst þess að Steingrímur og Birkir verði látnir gera nákvæma grein fyrir því hvað þeir aðhöfðust á skrifstofu minni í skjóli nætur aðfaranótt þann 6. júní 1978 og með hvaða heimild þeir fóru þar inn og skiptu um læsingu. Þeir verði sérstaklega inntir eftir því hvort þeir hafi haft á brott með sér einhver skjöl úr skrifstofu minni umrædda nótt eða næstu daga, eða þar til ég tók bókhaldið, ásamt endurskoðanda hreppsins.“

Við frumrannsókn málsins fór Hergeir Kristgeirsson rannsóknarlögreglu- maður ásamt Einari Sveinbjörnssyni, núverandi sveitarstjóra, yfir öll fylgi- skjöl Stokkseyrarhrepps á þeim tíma sem ákærði var sveitarstjóri á Stokks- eyri. Við könnun þessa kom í ljós að kvittanir fyrir greiðslur á olíustyrk til Viktoríu Ólafsdóttur, Strönd, Stokkseyrarhreppi, fundust fyrir tímabilið frá júní 1975 til ágúst 1976, samtals að upphæð g.kr. 15.900,- kvittaðar af Elínu Sigurgeirsdóttur, Björgvin á Eyrarbakka. Þá fundust kvittanir fyrir greiðslu Kristjáns Friðbergssonar inn á útsvar með olíustyrk fyrir ótiltekið tímabil. Dagsetning kvittana þessara var 29.04. 1977, g.kr. 72.600,-, og 18.08. 1977, samtals g.kr. 62.400,-. Kvittanir fyrir sjálfum olíustyrksgreiðsl- unum fundust ekki, en líklegt að þetta sé fyrir tímabilin sem ákærði kveður kvittanir vanta fyrir.

Laugardaginn 7. mars 1981 fóru þeir Sigurður Jónsson lögregluvarðstjóri og Hergeir Kristgeirsson rannsóknarlögreglu maður á skrifstofu Stokks- eyrarhrepps að boði dómara málsins. Yfirfóru þeir talningu þá sem Einar Sveinbjörnsson og Steingrímur Jónsson gerðu í mars 1979 varðandi hverjir

ættu rétt á olíustyrk í Stokkseyrarhreppi á tímabilinu frá mars 1975 til mars 1978.

Athugun þessa gerðu ofangreindir lögreglumenn að viðstöddum Einari Sveinbjörnssyni sveitarstjóra. Afhenti Einar þessi lögreglumönnum þau gögn sem til þurfti, þ.e.a.s. íbúðaskrár, flutningstilkynningar, breytinga-tilkynningar frá Hagstofu Íslands og auglýsingar um upphitunarfyrirkomulag, þ.e.a.s. hvar rafhitun var í upphafi tímabilsins og hvar hún var tekin upp á tímabilinu.

Að sögn lögreglumanna leiddi könnun þessi ekki í ljós neina villu í skrá þeirra Einars Sveinbjörnssonar og Steingríms Jónssonar og telja þeir skrá þessa rétta.

Hergeir Kristgeirsson rannsóknarlögreglumaður hefur staðfest verk sín vegna rannsóknar málsins fyrir dómi og sama hefur einnig Sigurður Jónsson lögregluvarðstjóri gert.

Vitnið Steingrímur Jónsson, oddviti Stokkseyrarhrepps, f. 14.09. 1928, skýrði frá því hjá lögreglu hinn 19. júlí 1979 að hann hefði verið kosinn oddviti hreppsnefndar á Stokkseyri á fundi hreppsnefndar Stokkseyrarhrepps hinn 5. júní 1979. Á fundi þessum hefði ennfremur komið fram tillaga um að endurráða ákærða sem sveitarstjóra, en sú tillaga hefði verið felld. Taldi vitnið engan vafa á því að þar með hefði umboð ákærða sem sveitarstjóra og yfirmanns skrifstofunnar verið lokið, en vitnið kvað ákærða hafa verið ráðinn sem sveitarstjóra til loka kjörtímabils og vísaði vitnið í bækur hreppsins í því sambandi.

Vitnið skýrði síðan frá því að að morgni dags hinn 6. júní 1979 hefði vitnið komið á skrifstofuna og hefði það fengið bróður sinn Sigurjón til að skipta um lás í útidyrum skrifstofunnar. Kvaðst vitnið áður hafa talað um það við Sigurjón Birkir Pétursson hreppsnefndarmann að rétt væri að skipta um lás þennan til að ákærði færi ekki inn á skrifstofuna nema annaðhvort vitnið eða framangreindur Sigurjón Birkir væri viðstaddur.

Vitnið hefur mótmælt því eindregið að þeir hefðu hreyft við nokkrum þeim skjölum sem þarna hefðu verið.

Vitnið Steingrímur Jónsson skýrði ennfremur frá því að til þess hefði verið ætlast að ákærði skilaði strax af sér öllum fjárreiðum hreppsins, en ákærði hefði ekki fengist til þess. Kvaðst vitnið ekki muna hvort það var 6. eða 7. júní s.á. að ákærði kom inn í skrifstofu hreppsins, en vitnið sagðist þá hafa verið statt inni í skrifstofu sveitarstjóra. Kvað vitnið ákærða hafa farið inn í afgreiðsluherbergi og tekið alla þá peninga sem hefðu verið í fjárhirslu hreppsins og farið í burtu með þá. Ennfremur hefði ákærði tekið skjöl úr hillu á skrifstofunni og kvaðst vitnið telja að þarna hefði verið um kvittanir vegna olíustyrks að ræða. Að sögn vitnisins vildi ákærði ekkert við vitnið tala eða gefa skýringar, heldur hefði ákærði rokið út.

Kveðst vitnið hafa gert sér strax ljóst hvað gerst hefði og hefði vitnið farið eftir ákærða og náð honum í Búnaðarbankanum í Hveragerði. Sagðist vitnið hafa sagt við ákærða að skilaði hann ekki peningunum strax léti vitnið lögreglu skerast í málið. Að sögn vitnisins afhenti ákærði vitninu sem næst g.kr. 190.000,- en vitnið kvaðst ekki vita hversu mikið ákærði tók úr kassanum.

Vitnið hefur skýrt frá því að meðan vitnið gegndi störfum sveitarstjóra á Stokkseyri á árunum 1970 - 1975 hefði það séð um úthlutun olíustyrks til hreppsþúa. Kvaðst vitnið hafa haft þann hátt á að búa til lista með nöfnum allra húsráðenda og sett þar tölu styrkþega hjá hverjum fyrir sig. Með þessum hætti hefði alltaf verið hægt að sjá hvort listinn var réttur. Vitnið kvaðst hins vegar hafa strax tekið eftir því, er það tók við oddvitastarfinu vorið 1978, að ákærði hefði haft þetta öðruvísi. Hefði ákærði eingöngu gefið upp tölu olíustyrkþega í hreppnum án þess að geta þess hvar hver byggi.

Vitnið Sigurjón Birkir Pétursson, f. 14.12. '46, núverandi varaoddviti, hefur neitað því að hafa farið inn á skrifstofu Stokkseyrarhrepps að nóttu. Þá hefur vitnið tekið sérstaklega fram að það hafi engin skjöl tekið á skrifstofunni og viti ekki til þess að aðrir hafi gert það.

Vernharður Sigurgrímsson bóndi, f. 29.01. 1928, til heimilis Holti, Stokkseyrarhreppi, hefur borið vitni í máli þessu. Vitnið kveðst hafa verið oddviti Stokkseyrarhrepps á árunum 1974 - 1978, og hafi ákærði verið ráðinn sveitarstjóri í Stokkseyrarhreppi árið 1975. Vitnið segir ákærða hafa alfarið séð um þau mál er vörðuðu olíustyrk handa íbúum Stokkseyrarhrepps og hafi vitnið ekki komið nálægt þeim málum. Kveður vitnið olíustyrksmál hafa verið utan við bókhald hreppsins og hafi svo verið áður en ákærði tók við störfum sveitarstjóra. Vitnið kveður það eina sem það muni eftir að hafa rætt við ákærða varðandi olíustyrk hafi verið að fólk hafi kvartað við vitnið vegna þess hve seint styrkurinn hafi verið greiddur. Kveðst vitnið í því sambandi hafa rætt við ákærða og hann þá sagt að það stæði á greiðslu úr ríkissjóði.

Aðspurt hvort hugsanlegt sé að olíustyrkspeningar hafi verið notaðir til greiðslu annarra hluta á vegum hreppsins kveðst vitnið gruna að svo hafi verið. Á þessum árum hafi verið staðið í stórframkvæmdum. Vitnið kveðst þó ekki geta um þetta fullyrt og ólíklegt sé að um þetta sé nokkuð að finna í bókhaldi Stokkseyrarhrepps.

Vitnið Eyjólfur Óskar Eyjólfsson, f. 1.7. 1928, til heimilis Hamrahvoli, Stokkseyrarhreppi, kveðst hafa verið hreppsnefndarmaður á Stokkseyri árin 1970 - 1978. Segist vitnið hafa verið varaendurskoðandi hreppsreikninga og í reynd aðalmaður í forföllum Vernharðs Sigurgrímssonar. Segist vitnið hafa veitt því athygli að vissrar óreiðu gætti í stjórn fjármála hreppsins, en ekkert þó alvarlegt.

Vitnið kveðst engu geta svarað um olíustyrk. Olíustyrkur hafi verið utan bókhalds hreppsins og ekki komið til umræðu á hreppsnefndarfundum. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við að olíustyrkur hafi verið notaður til greiðslu annarra hluta á vegum hreppsins.

Fyrir liggja í málinu framburðir vitnanna Frimanns Sigurðssonar, Stokkseyri, Ásgríms Pálssonar og Helga Ívarssonar, en þeir voru í hreppsnefnd Stokkseyrar á þeim árum er ákærði gegndi störfum sveitarstjóra þar. Er framburður þeirra á sömu lund í megindráttum og frásögn ofangreindra hreppsnefndarmanna, að hreppsnefndin hefði ekki haft nein afskipti af olíustyrk.

Vitnið Jóhanna Sigríður Harðardóttir, f. 01.11. 1955, hefur skýrt svo frá að það hafi hafið störf á skrifstofu Stokkseyrarhrepps haustið 1975, líklega 1. október, og unnið þar til febrúarloka 1977. Sumarið 1977 kvaðst vitnið hafa starfað þar hálfan daginn og stundum dag og dag. Sagðist vitnið hafa unnið við daglega afgreiðslu og móttöku gjalda í fjarveru sveitarstjóra, ákærða í máli þessu. M.a. sagðist vitnið hafa vélritað bréf til viðskiptaráðuneytis með uppgefnum fjölda olíustyrkþega. Kvaðst vitnið hafa farið eftir þeim tölum sem ákærði hefði gefið upp.

Þá kvaðst vitnið hafa skrifað kvittanir fyrir hvert tímabil vegna olíustyrks og farið þá eftir kvittunum frá næsta tímabili á undan með þeim breytingum sem urðu á íbúaskrá. Upphæðina á kvittunum sagðist vitnið ekki hafa skrifað fyrir en borgað var út eða þá að olíustyrkur var færður til greiðslu á gjöldum viðkomandi við hreppinn.

Vitnið kvað hugsanlegt að gleymst hefði að merkja á kvittanir. Viðtakendur hefðu alltaf átt að kvitta þegar þeir sóttu olíustyrk, en vitnið kvað möguleika samt á því að það gæti hafa misfarist.

Vitnið kvað aldrei hafa verið gerður samiburður á þeim greiðslum sem bárust frá ríkissjóði og því sem greitt var, a.m.k. var vitninu ekki kunnugt um það.

Þá skýrði vitnið einnig frá því að þegar greiðslur bárust úr ríkissjóði hefði ákærði leyst ávísanir út og látið peninga sérstaklega inn í skáp. Þaðan hefðu svo peningar verið teknir þegar greiðslur á olíustyrk voru inntar af hendi.

Vitnið sagði ennfremur að fyrir hefði komið að ákærði hefði gripið til olíustyrkspeninga til annarra nota ef illa stóð á í öðrum sjóðum hreppsins. Vitnið sagðist ekki hafa orðið vart við að ákærði notaði peninga þessa til eigin nota, heldur ekki að ákærði hefði haft orð á því að peninga vantaði í sjóðinn.

Þá var ennfremur haft eftir vitninu að eigi hefði verið hætta á að kvittanir glötuðust eins og frá þeim var gengið eftir að greiðsla var innt af hendi.

Vitnið Ragnheiður Sigurgrímsdóttir, f. 21. 11. 1933, kveðst hafa byrjað að starfa á skrifstofu Stokkseyrarhrepps í ársbyrjun 1977 og unnið þar

síðan. Fyrst hefði Jóhanna Sigríður Harðardóttir verið með henni en síðan hefði vitnið verið eitt um tíma, en einnig hefði Unnur Harðardóttir starfað þarna nokkurn tíma. Kveðst vitnið hafa unnið á skrifstofu Stokkseyrarhrepps við alhliða skrifstofustörf. Vitnið kveðst aldrei hafa skrifað tilkynningar um íbúafjölda í Stokkseyrarhreppi vegna umsókna um greiðslu á olíustyrk. Vitnið kveður ákærða hafa alveg séð um það sjálfur. Kveðst vitnið ekki vita eftir hvaða gögnum ákærði fór við talningu á styrkþegum. Að sögn vitnisins innleysti ákærði ávísun, sem barst frá ríkissjóði vegna olíustyrks, og lét peninga í poka inn í peningaskáp. Voru síðan peningarnir teknir til útborgunar þegar styrkþegar komu til þess að sækja styrkinn. Vitnið kveður peningum þessum hafa verið haldið frá öðrum fjármunum hreppsins.

Olíustyrkur kveður vitnið ekki hafa verið inni í bókhaldi hreppsins, en skrá yfir olíustyrkspeninga hafi verið haldin með þeim hætti að útbúinn var listi í formi kvittana ársfjórðungslega yfir þá aðila sem rétt áttu á olíustyrk. Styrkþegar kvittuðu síðan á nótur þessar þegar þeir fengu greiddan olíustyrk. Þá segir vitnið að mikið hafi verið um millifærslur að ræða, þannig að olíustyrkur fór upp í gjöld viðkomandi styrkþega við hreppinn. Kveður vitnið að þess hafi ávallt verið gætt að senda þá kvittanir til styrkþega vegna millifærslu. Hafi ákærði yfirleitt sjálfur séð um millifærslur þessar eða a.m.k. verið með skrifstofustúlkunum þegar þetta var gert.

Vitnið segist aldrei hafa orðið vart við að bornar væru saman greiðslur úr olíusjóði og sú upphæð sem kom úr ríkissjóði. Vitnið kveður að gengið hafi verið frá kvittunum vegna greiðslu úr olíusjóði á þann hátt að þær voru settar í möppur og þannig varðveittar. Segir vitnið ótrúlegt að eitthvað af kvittunum þessum hafi týnst.

Varðandi hvort greiðslur til olíustyrkþega hafi verið teknar úr öðrum sjóðum eða af fjármunum hreppsins kveðst vitnið muna að í eitt skipti hefðu ekki verið til peningar til að greiða olíustyrk og hafi vitnið þá tekið peninga úr sveitarsjóði en látið þar viðurkenningu þess efnis að fjármunir þessir hafi verið notaðir til greiðslu á olíustyrk. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við að olíustyrkur hafi verið notaður til annarra hluta á vegum hreppsins.

Að sögn vitnisins höfðu skrifstofustúlkur aðgang að olíusjóði þessum utan ákærða, en vitnið og ákærði hefðu verið þau einu sem höfðu lykil að peningaskápum. Vitnið hefur borið fyrir rétti að það hafi ekki orðið vart við misferli hjá ákærða með olíustyrk.

Vitnið Unnur Harðardóttir, fædd 26.07. 1957, hefur komið fyrir dóm og lögreglu vegna þessa máls. Hinn 17. október 1979 var haft eftirfarandi eftir vitninu, sem það hefur staðfest fyrir dómi:

„Ég vann á skrifstofu Stokkseyrarhrepps frá 4. október 1977 til ágúst-loka 1978. Þarna vann ég við venjulega afgreiðslu á skrifstofunni, las af

rafmagnsmælum í þorpinu og skrifaði reikninga. Auk þess var ég látin skrifa kvittanir fyrir olíustyrk og fór þá eftir kvittunum frá næsta tímabili á undan. Ég minnst þess ekki að talað hafi verið um að telja út hverjir ættu rétt á þessum styrk. Þá minnst ég þess ekki að Jóhannes Reynisson hafi nokkurn tíma spurt mig um það hversu margir olíustyrkþegarnir væru.

Ég hefi verið spurð um lykla að peningaskápnunum. Frá því er að segja að ég held að það hljóti að hafa verið til tveir lykilar að þessum skáp. Ragnheiður Sigurgrímsdóttir, sem þarna vann einnig, var með lykil að skápnunum, en þegar hún fór í fri þá hafði ég lykilinn á meðan. Auk þess þykir mér líklegt að Jóhannes hafi sjálfur verið með lykil að skápnunum, en um það get ég ekki fullyrt. Ég minnst þess að hafa eftir fyrirsögn Jóhannesar Reynissonar yfirfarið skuldir fólksins við hreppinn eða rafveituna og síðan fært olíustyrkinn til greiðslu á þeim skuldum. Þá var það tekið fram á kvittuninni til hvers upphæðin var notuð.

Ég sá aldrei um daglegt uppgjör á skrifstofunni og get því ekki sagt til um fjárhagsstöðuna. Ég veit ekki heldur hvort einhvern tíma hefur vantað peninga í olíusjóðinn.

Ég hefi verið spurð hvort ég viti hvað orðið hefur af þeirri upphæð sem kvittanir vantar fyrir hvað varðar olíustyrkinn. Um þetta get ég ekkert sagt, ég hefi ekki hugmynd um það. Ég hafði engar grunsemdir í garð Jóhannesar Reynissonar og vissi ekki annað en að allt væri í lagi með reikningshaldið.

Þá hefur vitnið verið innt eftir því hvort olíustyrkspeningar hafi verið notaðir til að greiða hreppsreikninga. Kveðst vitnið muna að eitt sinn hafi rafmagnsreikningur verið greiddur með peningum sem áttu að fara til olíustyrkþega.

Vitnið Einar Sveinbjörnsson, núverandi sveitarstjóri á Stokkseyri, viðskiptafræðingur að mennt, kveðst hafa hafið störf sem sveitarstjóri í ágúst 1978. Kveður vitnið Steingrím Jónsson oddvita hafa verið starfandi sveitarstjóra mánuðina júní, júlí og hluta af ágúst. Að sögn vitnisins hafði ákærði látið Steingrím þennan fá hluta af fé því, g.kr. 600.000, sem átti að greiða til olíustyrkþega fyrir tímabilið jan. - mars 1978. Kveður vitnið ákærða ennfremur hafa haft þau orð við Steingrím að ákærði myndi skila fullnaðaruppgjöri síðar meir. Var þannig staðan að sögn vitnisins, er það tók við störfum sveitarstjóra. Segist vitnið hafa síðan á næstu mánuðum, ásamt Steingrími Jónssyni, reynt að fá ákærða til að skila heildaruppgjöri, en án árangurs. Þegar þetta bar ekki árangur kveður vitnið að haft hafi verið samband við ríkisencurskoðun vegna þessa máls, en vitnið segir þá Steingrím hafa fundið út að ekki var samræmi varðandi uppgjefinn fjöldi olíustyrkþega og þeirra sem rétt áttu á styrkjum þessum. Vitnið kveður þá reyndar hafa strax í upphafi eftir sveitarstjórnarskipti séð að svo var,

þegar upplýsingar voru teknar saman til viðskiptaráðuneytis vegna olíustyrks.

Kveðst vitnið hafa ásamt Steingrími Jónssyni oddvita tekið saman fyrir ríkisendurskoðun heildaryfirlit yfir þá sem rétt áttu á olíustyrk og hefði ríkisendurskoðun að fengnu þessu yfirliti talið að um ofgreiðslu hefði verið að ræða úr ríkissjóði vegna olíustyrks.

Varðandi hvort hugsanlegt sé að fjármunir sem ætlaðir hefðu verið til greiðslu á olíustyrk á tímabili ákærða sem sveitarstjóra hefðu verið notaðir til annarra greiðslna eða hluta hjá hreppnum kveður vitnið mögulegt að svo sé, en um það sé ekkert bókað í reikningum hreppsins. Í fylgiskjöllum eða öðrum gögnum hreppsins sé heldur ekkert sem bendi til að svo sé.

Vitnið hefur verið innt nánar eftir því með hvaða hætti það og Steingrímur Jónsson tóku saman fjölda olíustyrkþega í Stokkseyrarheppi sem kemur fram í yfirliti þeirra. Kveður vitnið þá hafa notast við nafnalista yfir þá, sem rétt áttu á olíustyrk fyrir mánuðina des. - febr. 1974 - 1975, en styrkþegar hafi þá verið 512. Vitnið kveður enn fremur tölu styrkþega fyrir mánuðina mars - maí 1975 hafa verið einnig 512 og þeir því gert ráð fyrir óbreyttum lista.

Hinn 25. maí sl. kom ákærði fyrir dóm og var hann þar ítarlega yfirheyrður og endurtók ákærði í megindráttum ofangreindan framburð hjá lögreglu. Þá kvað ákærði enn fremur að viðskiptaráðuneyti hafi greitt með ávísun sem ákærði hefði innleyst. Peningar þessir hefðu síðan verið settir í sérstakan kassa sem geymdur hefði verið í peningaskáp skrifstofunnar. Varðandi bókhald vegna olíustyrks segir ákærði að því hafi verið þannig hátt að kvittunum hafi verið safnað saman í möppur. Ekki hafi verið um neina sjóðbók að ræða. Ákærði kveður nokkuð tryggilega hafa verið gengið frá fyrrgreindum möppum, þannig að ekki var hætt á að innihald glataðist.

Ákærði minnst ekki að stemmt hafi verið af vegna olíustyrks og ekki kvaðst ákærði hafa reynt að stuðla að því að svo hafi verið gert. Ákærði segir glöggan aðskilnað hafa verið á milli olíustyrkspeninga og hrepps fjármuna. Ákærði kveður enn fremur að alltaf hafi verið gætt að færa inn kvittanir vegna greiðslu olíustyrks til viðkomandi aðila. Af þeim sökum hafi það komið sér á óvart að kvittanir hafi vantað vegna greiðslu olíustyrks.

Ákærða var í réttarhaldi þessu kynntur framburður þeirra Ragnheiðar Sigurgrímsdóttur, Jóhönnu Harðardóttur og Unnar Harðardóttur varðandi uppgefinn fjölda olíustyrkþega og tilkynningar þar um. Kvaðst ákærði í þessu sambandi halda sig fast við fyrri framburð.

Að boði dómara var hinn 7. og 8. ág. '81 af hálfu lögreglu farið yfir reikninga þeirra aðila sem ákærði gerði athugasemdir við og fylgja kvittunum fyrir greiddan olíustyrk á tímabili ákærða sem sveitarstjóra. Um var

að ræða fjóra viðskiptareikninga, útsvarsreikning, fasteignagjaldsreikning, rafmagnsreikning og reikning sem önnur viðskipti voru færð á.

Voru tekin ljósrit af þeim kvittunum sem merktar voru vegna oliustyrks og þær síðan bornar saman við oliustyrkskvittanir sem lagðar hafa verið fram í málinu. Kom þá í ljós að samsvarandi kvittanir voru fyrir oliustyrk í öllum tilfellum nema eftirfarandi:

1) Tveimur greiðslum Kristjáns Friðbergssonar upp í útsvar ársins 1977, önnur að upphæð g.kr. 72.600,- dags. 29.04. 1977, en hin að upphæð g.kr. 62.400,- dags. 18.08. 1977.

2) Greiðsla á fasteignagjöldum Viktoríu Ólafsdóttur, Strönd, fyrir árið 1976, greidd 20.11. 1976, að upphæð g.kr. 1.199,-.

Eru þetta sömu kvittanir, er fundust er farið var yfir fylgiskjöl, og áður um getur, sumarið 1979.

Lagt hefur verið fram í máli þessu uppgjör Þórarins Þ. Jónssonar endurskoðanda pr. 31. maí 1978 ásamt skýrslu endurskoðanda vegna sveitarstjórnarskipta.

Samkvæmt skýrslu þessari hefur hreppssjóður verið afstemmdur við sjóðbók samkvæmt talningu og mismunur í sjóði var færður sem skuld á viðskiptareikningi ákærða.

Vitnið Þórarinn Þ. Jónsson endurskoðandi, f. 7.6. 1938, hefur borið vitni fyrir dómi. Kveðst vitnið hafa verið endurskoðandi hreppsreikninga Stokkseyrarhrepps á árunum 1971 - 1972 og 1973 - 1978, m.a. á þeim tíma er ákærði var sveitarstjóri og unnið það verk ásamt sínu starfsfólki með hefðbundnum hætti. Kveður endurskoðandi oliustyrk hafa verið bókhaldi óviðkomandi og hann því ekki haft eftirlit með honum.

Segist vitnið ekki hafa gert athugasemdir við það, enda ekki séð á þeim tíma að oliustyrkur hafi átt þar heima.

Vitnið Sævar Gestur Jónsson, fæddur 10.05. 1955, starfsmaður á endurskoðunarskrifstofu Þórarins Þ. Jónssonar frá árinu 1976 og m.a. unnið að endurskoðun hreppsreikninga Stokkseyrarhrepps og farið yfir öll fylgiskjöl. Staðfestir vitnið ofangreindan framburð Þórarins Þ. Jónssonar að oliustyrkur hafi ekki verið inni í bókhaldi hreppsins.

Aðspurt hvort oliustyrkspeningar hafi verið notaðir til annarra þarfa á vegum hreppsins kveður vitnið svo ekki vera, án þess þó að það vilji fullyrða um það. Kveður vitnið að hafi svo verið hefði slíkt valdið mismun á öðrum reikningum.

Mál þetta var dæmt hér í dómi hinn 23. nóv. 1981 og var þeim dómi affrýjað til Hæstaréttar.

Með dómi Hæstaréttar, dags. 21. júní 1984, var undirréttardómur ómerktur og málinu vísað aftur heim í hérað.

Í Hæstaréttardóminum segir að skýrsla Einars Sveinbjörnssonar og Steingrims Jónssonar sé hvorki nógu rækileg og ekki unnin af óvilhöllum mönnum. Þá var talið að hina tölfræðilegu þætti ákæruefnisins hefði átt að rannsaka ítarlegar af óvilhöllum mönnum, sérfróðum á sviði tölfræði og endurskoðunar. Þeir sérfræðingar hefðu átt að semja rækilega skýrslu, þar sem fram kæmi ítarlega og í einstökum atriðum, hvernig háttað var mannfjölda í Stokkseyrarhreppi á því tímabili sem ákæran nær til. Þar þurfi einnig að koma glöggt fram hve margir fluttust úr hreppnum og hve margir í hann, hve margir létust og hvenær, enda skipti tímamörk höfuðmáli við mat á því, hverjir eigi rétt til oliustyrks. Ennfremur þurfi í þessari skýrslu að koma fram, hvernig hafi verið háttað fjölda vistmanna á Kumbaravogi og dvalartíma á hverjum ársfjórðungi á þessu tímabili.

Að þessum dómi stóð meirihluti Hæstaréttar, þrír dómara, en tveir skiluðu séráliti og vildu leggja efnisdóm á málið.

Með bréfi dómsins hinn 31. júlí 1984 voru Bjarni Jónsson löggiltur endurskoðandi og Hlöðver Rafnsson viðskiptafræðingur fengnir til að framkvæma ofangreinda úttekt.

Aðilar þessir skiluðu álitum haustið 1985. Í réttarhaldi þann 17. sept. 1985 var ákveðið að skipa nýjan matsmann í stað Bjarna Jónssonar, þar sem ábendingar komu frá verjanda um að hann væri hugsanlega vanhæfur, svo og þeirri staðreynd að matsmenn höfðu ekki innt af hendi fullkomlega umbeðið starf.

Með bréfi dómsins hinn 30. des. 1985 var auk ofangreinds Hlöðvers Halldór Hróar Sigurðsson löggiltur endurskoðandi fenginn til að framkvæma hina umbeðnu úttekt.

Dóminum barst síðan skýrsla þeirra í októbermánuði sl., sem þeir hafa staðfest hér fyrir dómi. Skv. skýrslu þessari og því sem áður var komið fram í skýrslu þeirra Hlöðvers og Bjarna fengust ekki nógu ítarlegar upplýsingar frá Hagstofu til að hægt væri með fullri vissu að gera nákvæma tölfræðilega úttekt á oliustyrksþegum í samræmi við dóm Hæstaréttar.

Í skýrslu þessari segir að eftir viðtal við Einar Sveinbjörnsson og Steingrím Jónsson virtist yfirlit þeirra um fjölda þeirra sem rétt áttu á oliustyrk á hverju tímabili gerð af samviskusemi, þótt framsetning á breytingum milli tímabila hefði þurft að vera nákvæmari. Þar sem langur tími sé liðinn síðan umrædd málsatvik áttu sér stað sé ekki auðvelt að afla upplýsinga sem geti talist öruggari en þær sem liggja nú þegar fyrir.

Í skýrslu þeirra segir að greiðslur úr ríkissjóði skv. kvittunum frá fjármálaráðuneyti hafi numið á tímabilinu kr. 17.294.900,00.

Kvittanir styrkþega eða manna fyrir þeirra hönd voru lagðar saman innan hvers tímabils. Heildarborgun skv. þeim kvittunum sem taldar voru ófullnægjandi nam kr. 8.561.582,00.

Gerðar voru úrtaksprófanir á bókhaldi hreppsins vegna kvittana, sem voru áritaðar „greitt útsvar“, „fasteignagjöld“, „rafmagn“ o.s.frv. Þær kvittanir sem voru auðkenndar á þennan hátt reyndust nær undantekningarlaust færðar í fjárhagsbókhald sem innborgun frá viðkomandi upp í tiltek-in gjöld og virðist því ekki ástæða til að gera stærri úrtak í fjárhagsbókhaldi vegna þess, en töluverð vinna sé að kanna þetta í hverju einstöku tilviki. Heildargreiðslur upp í gjöld til hreppsins námu kr. 4.018.888,00 skv. framangreindum kvittunum.

Þá var gerð úrtaksskönnun í fjárhagsbókhaldi hreppsins vegna lista ákærða „kvittun vantar“ til að athuga, hvort tilgreindar fjárhæðir hefðu verið færðar á viðskiptareikninga viðkomandi. Ekki fundust nein dæmi þar sem hægt er að fullyrða að innborganir viðkomandi aðila séu greiddar með umræddum olíustyrk, enda virðast kvittanir hafa verið útbúnar fyrir fram varðandi nafn og tímabil, en síðan áritaðar endanlega þegar útborgun eða skuldajöfnun fór fram.

Listar um „kvittun vantar“ námu samtals kr. 1.939.300,00.

„Ófullnægjandi kvittanir“ skv. heildaryfirliti námu kr. 288.362,00. Hér er um að ræða fyrir fram gerðar kvittanir, þ.e.a.s. nafn, fjárhæð og styrktartímabil tilgreint, en kvittun móttakanda vantar eða upplýsingar um ráðstöfun styrksins.

Í ofangreintri skýrslu er enn fremur eftirfarandi heildaryfirlit um mót-töku og úthlutun olíustyrks 1/3 - 31/3 1978 skv. fyrirliggjandi bókhalds-gögnum (Sjá næstu bls.).

Eftir þeim gögnum, sem liggja fyrir, er niðurstaða matsmanna þessi:

Móttekinn styrkur frá ríkissjóði fyrir styrktartíma-bilið 1. mars 1975 - 31. mars 1978	kr. 17.294.900,-
Útborgaður styrkur skv. kvittun á sama tímabili	“ (8.561.582,-)
Skuldajöfnun við sveitarsjóð vegna útsvars, fast-eignagjalda, rafmagns o.fl.	“ (4.018.888)
Peningar afhentir oddvita í júlí 1978	“ 950.000,-
Mismunur, þar sem fullnægjandi bókhaldsgögn liggja ekki fyrir	“ 3.764.430,-

Um framangreindan mismun liggur ekki annað fyrir en skipting sem fram kemur í heildaryfirliti hér að framan.

Nafnalistar með yfirskrift ákærða „kvittun vantar“	kr. 1.939.300,-
Ófullnægjandi kvittanir	“ 288.362,-
Mismunur á mótteknum styrk frá ríkissjóði	“ 17.294.900,-
... og heildarfjárhæð á þeim skjölum, sem lögð hafa verið fram til skoðunar kr. 15.758.132,-	“ 1.536.768,-
	kr. 3.764.430,-

Máttrekkinn

ollusturkur

(1.064.000) (1.115.000) (1.150.000) (1.302.400) (1.420.800) (1.442.400) (1.454.000) (1.983.300) (1.575.600) (1.575.600) 1.636.200 1.575.600 17.294.900

Útborgað skv.

kvittunum 878.000 878.000 764.650 957.000 803.400 908.800 591.600 745.800 571.832 174.200 645.050 643.250 8.561.582

Til greiðslu útsvars 65.000 90.000 108.000 11.000 74.800 77.386 336.898 60.103 172.638 414.827 30.802 0 1.441.454

Til greiðslu fasteignagj. 24.000 6.000 26.000 106.182 143.000 33.600 72.302 607.947 280.528 234.205 258.822 0 1.792.586

Til greiðslu rafmagns 12.000 2.000 14.000 19.218 15.400 35.414 26.400 3.300 26.934 246.864 181.526 28.350 611.406

Til greiðslu fjálskila ofl. 173.442 0 173.442

SKILLIÐ SVEITARSJ. 1. júlí 1978 950.000 950.000

Útborgað samtals 979.000 976.000 912.650 1.093.400 1.036.600 1.055.200 1.027.200 1.417.150 1.051.932 1.243.538 1.116.200 1.621.600 13.530.470

..Kvittun vantar"..... 57.000 103.000 178.000 108.900 152.900 199.200 211.000 326.700 262.600 145.600 194.400 0 1.939.300

Ófullnægjandi kvittanir 26.000 4.000 0 0 9.000 16.800 72.000 19.800 69.700 17.062 54.000 288.362

Mismunur 2.000 32.000 \$9.350 100.100 222.300 171.200 143.800 219.650 191.368 169.400 271.600 (46.000) 1.536.768

1.064.000 1.115.000 1.150.000 1.302.400 1.420.800 1.442.400 1.454.000 1.983.300 1.575.600 1.575.600 1.636.200 1.575.600 17.294.900

Vitnið Halldór Hróar Sigurðsson, f. 4. júní 1948, hefur verið nanar spurt fyrir dómi um ummæli í matsgerð um skoðun Einars Sveinbjörnssonar og Steingríms Jónssonar.

Kveðst það á grundvelli þeirra upplýsinga og gagna sem liggja fyrir í málinu ekki geta gert tölulegar athugasemdir við athugun þeirra.

Aðspurt kvað vitnið það alveg vera fullnægjandi endurskoðunaraðferðir að vinna með úrtaksprófunum. Kveðst vitnið hafa gert úrtaksprófanir á því hvort styrkur færi til greiðslu útsvars og fasteignagjalda, og væru svörin í þeim efnum jákvæð á þann hátt að það stemmdi. Varðandi „tilbúnað kvittanir“, þar sem kvittanir vantar eða þær eru ófullnægjandi, kveðst vitnið ekki hafa fundið kvittanir í bókhaldi hreppsins um að greiðsla á olústyrk hafi farið upp í útsvar o.s.frv.

Aðspurt varðandi liðinn „kvittanir vantar“ og „ófullnægjandi“ kveður vitnið leit hafa verið framkvæmda í bókhaldi hreppsins að samsvarandi fjárhæðum og dagsetningum, en án árangurs. Varðandi vistheimilið Kumbaravog kveðst vitnið ekki hafa kannað sérstaklega í viðskiptamannareikningum hreppsins, en það hafi verið innifalið í hinni almennu könnun á viðskiptamannareikningum hreppsins. Varðandi þennan lið kveður vitnið aðspurt að jafnvel þótt samsvarandi upphæð hafi fundist væri það ekki sönnun á greiðslu olústyrks.

Aðspurt hvort það hafi orðið nokkurs vísari í bókhaldi hreppsins sem skýrt gæti vöntun á olústyrksfjármunum, kveður vitnið ef svo væri, ætti slíkt að koma fram í hinni almennu endurskoðun á reikningum hreppsins.

Vitnið Hlökkver Rafnsson, f. 23. febr. 1954, var inntur eftir því hvers vegna ekki hafi verið minnst á Kumbaravog í skýrslu þeirra Halldórs. Kvað vitnið ekki hafa verið um frekari upplýsingar að ræða varðandi Kumbaravog en komi fram í fyrri úttekt vitnisins og Bjarna Jónssonar, en það eru einungis upplýsingar um fjölda þeirra, sem eiga lögheimili í Kumbaravogi hinn 1. des. á þessu tímabili.

Ákærði hefur verið frekar yfirheyrður og ofangreind úttekt borin undir hann, en hann heldur sig við fyrri framburði málsins.

Niðurstöður.

Ljóst er skv. framkomnu í máli þessu að fullnægjandi gögn skortir frá Hagstofu Íslands um íbúafjölda á Stokkseyri á olústyrkartímabili því, sem hér um ræðir til að komast að með öruggri vissu hve margir áttu rétt á styrk á hinum einstöku tímabilum og hversu miklum. Nýtur ákærði góðs af vafa í þessum efnum skv. 108. gr. laga nr. 74/1974.

Með hliðsjón af þessu og gegn eindreginni neitun ákærða þykir varhuga-vert að telja sannað að ákærði hafi hér gerst sekur um brot á 146. gr. laga nr. 74/1974.

Skv. fyrirbyggjandi gögnum er upplýst í málinu að mismunur er á mótteknum styrk og þeim fjárhæðum sem ráðstafað hefur verið til oliustyrkþega á því tímabili sem hér um ræðir.

Í úttekt dómkvaddra matsmanna er mismunur þessi talinn vera g.kr. 3.764.430,00.

Í talningu sem lögregla framkvæmdi við frumrannsókn málsins var mismunur á greiðslu frá ríkissjóði og til styrkþega talinn nema g.kr. 3.421.368,00. En auk þess voru óstaðfestar og ómerktar kvittanir að fjárhæð g.kr. 348.400,-. Samtals er þetta g.kr. 3.769.768,00.

Af þeirri upphæð, sem vantar að gera grein fyrir, telur ákærði kvittanir vanta fyrir greiðslu á g.kr. 1.932.600,00.

Undir rekstri málsins hefur verið gerð ítarleg könnun á athugasemdum ákærða og viðkomandi styrkþega, sem unnt var að ná til, yfirheyrðir. Tíu aðilar neituðu að hafa móttengið styrk en sjö aðilar töldu ólíklegt að svo hefði verið eða það þótti ólíklegt með hliðsjón af gögnum málsins. Upphæð sú, sem hér um ræðir, er g.kr. 957.950,00. Ellefu aðilar gátu ekki fullrytt um staðhæfingu hans í þessum efnum. Upphæðin, sem hér um ræðir, er g.kr. 696.950,00.

Leitt er í ljós, m.a. með framburði ákærða sjálfs, svo og framburði vitnanna Ragnheiðar Sigurgrímsdóttur, Jóhönnu Sigríðar Hannesdóttur og Unnar Harðardóttur, sem unnu á skrifstofu Stokkseyrarhrepps á starfstíma ákærða, þó á mismunandi tímum, og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi séð um að tilkynna fjölda oliustyrkþega, móttengið greiðslur, ráðstafað styrknum og verið vörslumaður fjár, sem ætlað var til greiðslu oliustyrks.

Þá þykir sannað, m.a. með hliðsjón af framburði ákærða sjálfs, að meðferð hans á ofangreindu fé var með óreiðusniði. Hann hélt ekki sjóðbók, stemmdi ekki oliustyrk af né bar saman greiðslur úr ríkissjóði við greiðslur til styrkþega. Ákærða mátti þó vera ljóst að á honum hvíldi rík skylda til að standa full skil á fjármunum þessum og geta gert grein fyrir ráðstöfun á fé þessu.

Við rannsókn málsins hefur verið kannað sérstaklega hvort hugsanlega væri kvittanir vegna oliustyrks að finna í öðrum gögnum Stokkseyrarhrepps eða skjöl myndust sem gætu gefið vísbendingu þar um. Hefur m.a. verið farið yfir öll fylgiskjöl á starfstíma ákærða og yfir viðskiptareikninga allra þeirra aðila sem um getur í athugasemdum ákærða, án þess að það breytti til muna því sem fram hefur komið varðandi vöntun í sjóði, þar eð einu gögnin sem komu í leitirnar voru 2 kvittanir að fjárhæð g.kr. 26.300,- og er þeirra getið hér að framan. Ákærði og skrifstofustúlkur á hreppskristofunni á Stokkseyri eru sammála um að kvittanir þessar hafi verið varðveittar þannig í möppum að eigi var hætta á að þær glötuðust eða týrðust.

Af hálfu Halldórs Hróars Sigurðssonar og Hlöðvers Rafnssonar, hinna dómkvöddu matsmanna, var bókhald kannað hjá Stokkseyrarhreppi með úrtaksprófum, án þess að þar fyndist nokkuð sem skýrt gæti þurrð í olíusjóði. Skv. framburði vitnisins Halldórs Hróars Sigurðssonar ætti það að koma fram í hinni almennu endurskoðun á reikningum ef þar væri nokkuð að finna sem skýrt gæti vöntun olíustyrkspeninga.

Fyrir liggur í máli þessu uppgjör Þórarins Þ. Jónssonar endurskoðanda vegna sveitarstjórnarskipta og kemur þar ekki fram mismunur á öðrum reikningum sem skýrt gæti vöntun í olíusjóði.

Við frumrannsókn málsins taldi ákærði að þáverandi oddviti Stokkseyrarhrepps og varaoddviti hefðu brotist inn í skrifstofu ákærða og hugsanlega hróflað við skjölum þá e.t.v. varðandi olíustyrk. Ofangreindir aðilar hafa mótmælt þessu harðlega og verða eigi séð í máli þessu rök er renni stoðum undir ásakanir ákærða. Á hinn bóginn sýndi ákærði vítavert athæfi með því að fjarlægja ofangreindar möppur úr skrifstofu Stokkseyrarhrepps eftir að hann hætti þar sem sveitarstjóri og láta þær ekki af hendi til eftirmanna þrátt fyrir tilmæli þeirra. Ekki bætir það heldur úr skák fyrir ákærða að hann lét rannsóknaraðila ekki fá umbeðin gögn þrátt fyrir loford þar um, og endaði það með því að þau voru tekin úr vörslu hans hálfum öðrum mánuði eftir að rannsókn hófst, en í millitíðinni mun ákærði, að hans sögn, hafa gert athugasemdir sem er að finna í framangreindum möppum. Verður að skýra þetta athæfi ákærða í óhag, en ljóst er að ofangreind gögn voru algjörlega á ábyrgð ákærða meðan þau voru í vörslu hans, og eru þá m.a. höfð í huga hugsanleg sakarspjöll sem ákærði kynni að hafa unnið.

Telja verður skv. framansögðu að ákærði beri refsíábyrgð á vöntun fjármuna vegna olíustyrks. Óhætt þykir hér að leggja til grundvallar niðurstöðutölur þeirra Hlöðvers Rafnssonar og Halldórs Hróars Sigurðssonar um upphæð fjárhæðar í þessu sambandi eða g.kr. 3.764.435,-. Rétt þykir hins vegar að skýra ákærða í hag framangreindar g.kr. 696.950,-. Eftir sem áður stendur eftir hærri upphæð en greinir í ákæru, en ákærði verður ekki sakfelldur fyrir auðgunarbrot á hærri fjárhæð en greinir í ákæru.

Skv. ofangreindu þykir sannað gegn neitun ákærða að hann hafi gerst sekur um brot á 247. gr. alm. hgl., en eins og ákæra er útbúin þykir hér heimilt að færa brot undir það lagaákvæði með þessum hætti. Brot ákærða fellur einnig undir 138. gr. alm. hgl. þar sem um brot í opinberu starfi hjá ákærða er að ræða.

Ákærði er sakhæfur.

Hann hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1968 6/2 í Reykjavík. Sitt: 600 kr. sekt f. brot g. 49. gr. umfl.

- 1974 13/9 í Reykjavík. Sátt: 25.000,- kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 6 mán. frá 13/3 1974.
- 1979 5/10 í Árnæssýslu. Dómur: 150.000,- kr. sekt f. brot g. 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 28/10 1978.
- 1981 13/7 í Reykjavík. Sátt: 3.000,- kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.
- 1981 23/11 í Árnæssýslu. Dómur: 6 mán. fangelsi, þar af 3 mán. skb. f. brot g. 138. gr. 146. gr. og 247. gr. hgl.
- 1983 17/1 í Reykjavík. Sátt: 12.000,- kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.
- 1983 2/6 í Reykjavík. Veitt ökuleyfi á ný.
- 1984 21/6 í Reykjavík. Dómur Hæstaréttar í ofangreindu máli frá 23.11. 1981. Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og málinu vísað heim í hérað.
- 1986 10/3 í Reykjavík. Dómur: 5.000,- kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi 1 mán. frá dómsbirtingu 15/5 1986.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af öllum málavöxtum hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði. Rétt þykir þó með hliðsjón af því hvernig mál þetta hefur þróast og hinum mikla drætti en ekki beinlínis við ákærða að sakast í þeim efnum, að fresta fullnustu refsingar ákærða í 3 ár frá birtingu dóms, haldi hann alm. skilorð 57. gr. alm. hgl.

Ákærði skal greiða allan málskostnað, þ. á m. laun skipaðs verjanda, Hilmaris Ingimundarsonar hrl., kr. 30.000,-, skipaðs sækjanda, Jónatans Sveinssonar, kr. 25.000,-, og saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 5.000,-.

Sér atkvæði

Einars Hálfðanarsonar meðdómanda.

Svo sem að framan greinir liggja fyrir óbyggjandi gögn um þann olústyrk, sem ríkið greiddi til íbúa Stokkseyrarhrepps. Þá liggur fyrir hve mikið greitt var til olústyrkþega og fullnægjandi gögn liggja fyrir um í bókhaldi Stokkseyrarhrepps. Hvort tveggja var kannað af dómkvöddum matsmönnum; það síðarnefnda með úrtaksprófunum, þar sem ákærði var látinn njóta vafans, sem leiðir af notkun úrtaksprófana. Ég lít svo á að notkun úrtaksprófana sé eðlileg þegar þannig stefndur á, að umfangsmikil gagnaskoðun er nauðsynleg og þegar skekkja getur einungis orðið ákærða í hag.

Eins og margoft er fram komið varð óskýrður mismunur á þeim peningum sem móttæknir voru og greiddir út samkvæmt framansögðu. Bókhaldsleg meðferð þessara fjármuna var allsendis ófullnægjandi, þar sem einföldustu frumreglur reikningshaldsins voru þverbrotnar. Þannig fór engin bókhaldsskráning fram á móttæknum og útborguðum olústyrk. Eðlilegt hefði verið að láta þessa fjármuni renna gegnum tékkareikning og lág-

markskrafa var að halda sjóðbók um svo mikla fjármuni. Einnig hefði notkun fornúmeraðra kvittana verið sjálfsgöð og eðlileg. Raunar var skylt samkvæmt 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 að halda bókhald um þessa fjármuni, þar sem tvímælalaust er skv. 2. gr. laga 13/1977 að sveitarstjórn þar að sjá um greiðslu olíustyrkja, þ.e. fjármunir þessir voru mót-teknir af sveitarsjóði.

Ákærði hefur komið fram með ýmsar skýringar á þessum mismun. Sú skýring að fjármunir hafi verið notaðir í aðrar þarfir sveitarfélagsins stenst ekki. Endurskoðaður ársreikningur hreppsins og raunar notkun tvíhliða bókhalds útilokar það. Þá var enn eina ferðina leitað í bókhaldsgögnum hreppsins að greiðslum inn á ýmsa viðskiptareikninga íbúa sveitarfélagsins, en án árangurs. Rétt er að taka fram að aðspurðir kváðust hinir dómkvöddu matsmenn ekki hafa notast við úrtaksaðferðir við þessa leit.

Þegar bókhaldi er jafnmikið áfátt og að framan greinir er alkunna að mismunur getur myndast, án þess að um fjárdrátt sé að ræða. Ef ónúmeraðar kvittanir glatast og engin bókhaldsskráning hefur farið fram myndast mismunur rétt eins og peningar hverfi úr sjóði.

Löggiltum endurskoðanda reikninga sveitarfélagsins varð það á að undanskilja þessa fjármuni árlegri endurskoðun, þannig að þessi stórkostlega vanræksla sveitarstjóra um bókhaldslega meðferð olíustyrkja kom ekki strax fram.

Ég lít svo á með tilliti til þeirra miklu eftirgrennslana sem fram hafa farið í þá veru að finna haldþærar skýringar á þessum mikla mun, en hafa ber í huga að verðlag hefur a.m.k. nitjánfaldast frá því að málið kom upp, að svo mikill munur geti með engu móti verið skýrður með glötuðum kvittunum eða því líku.

Ákærði hefur gjör samlega brugðist vörsluskyldum sínum með þeirri meðferð á fjármunum, sem lýst er að framan, en það er skoðun mín, að þegar bókhaldsskylda hvílir á vörslumanni geri það auknar kröfur um meðferð fjármuna og leiði til þess, að hann verði að gefa líklegar skýringar á hvarfi fjármuna úr vörslum sínum ellegar bera hallann af því sjálfur.

Með þessum athugasemdum er ég sammála dómsatkvæði dómforseta, þar á meðal um heimfærslu til refsíákvæða og ákvörðun refsingar.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. október 1987.

Ár 1987, föstudaginn 2. október er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Péttri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 541/1987: Ákærvaldið gegn Jóhannesi Hólmi Reynissyni, sem dómækið var sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 8. september 1987 á hendur ákærða Jóhannesi Hólmi Reynissyni skrifstofumanni, áður fasteignasala, Austurbrún 29 í Reykjavík, fæddum 6. október 1950 í Reykjavík, „fyrir fjárdrátt með því að hafa þann 15. ágúst 1985 tekið í umboðssölu frá Sigurði Brynjólfssyni, Espigerði 18, Reykjavík, skuldabréf með veði í fasteigninni Akurgerði 13, Vogum, Vatnsleysustrandahreppi. Bréf þetta var tryggt með 7. veðrétti í nefndri fasteign, var að fjárhæð kr. 167.164,57 og skyldi greiðast með fjórum jöfnum árlegum afbörgunum og bera 20% vexti. Hafði fyrsta afborgun verið greidd. Skuldabréfið seldi ákærði í september 1985 fyrir kr. 60.000,- og hagnýtti sér andvirðið, en gerði engin skil við Sigurð Brynjólfsson.

Atferli ákærða telst varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

I. Málavextir.

Vitnið Sigurður Brynjólfsson hefur skýrt frá því að hann hafi falið ákærða að selja fyrir sig veðskuldabréf sem vitnið átti. Hafi bréfið staðið í u.þ.b. 125.000,- krónum en þeim ákærða hafi samist um, að vitnið fengi í sínar hendur 62.000,- krónur fyrir það. Ákærði hafi selt bréfið en ekki staðið vitninu skil á andvirði þess.

Ákærði hefur staðfest þessa frásögn vitnisins og viðurkennt að hafa notað andvirði bréfsins í eigin þágu. Vitnið hafi hinsvegar skuldað honum um 65.000,- krónur frá því að vitnið var sölumaður á fasteignasölu ákærða 1982, en þeir hafi þá einnig staðið í fjármálavafstri saman. Ákærði kveðst hafa selt bréfið fyrir 60.000,- krónur og gæti það hafa verið 15. ágúst 1985. Á þessum tíma hafi þeir báðir verið í óreglu. Skuld vitnisins sé sumpart til komin af því, að hann hafi talið (sic) undir sig sölulaun fasteignasöluunnar en sumpart af því að ákærði hafi greitt hótélreikning fyrir vitnið. Ákærði viðurkennir að ekki hafi verið samið um að andvirði bréfsins mætti ganga upp í skuld Sigurðar við ákærða og kveðst ákærði hafa „komið aftan að“ vitninu þegar hann sló eign sinni á féð.

Vitnið Sigurður hefur lýst framburð ákærða um skuld vitnisins við hann vera alrangan, en kveður ákærða hafa selt fyrir sig hús árið 1980 og árið eftir kveðst vitnið hafa verið sölumaður hjá ákærða í 3 eða 4 mánuði.

Meðal gagna málsins eru reikningsyfirlit og innleggsnótur varðandi tékkareikning vitnisins á árinu 1982, sem þykja styðja þá frásögn ákærða að þeir vitnið hafi átt saman í einhverjum fjármálaumsvifum og þykir í ljósi þeirra ekki unnt að hafna frásögn ákærða af skuld Sigurðar við hann. Allt að einu verður að telja að ákærði hafi hvorki átt né talið sig eiga rétt

á því að taka undir sig andvirði veðskuldabréfsins og hefur hann með þeim verknaði orðið brotlegur við 247. gr. almennra hegningarlaga.

Sigurður Brynjólfsson hefur fallið frá bótakröfu á hendur ákærða.

II. Viðurlög.

Ákærði hefur samkvæmt sakavottorði sætt refsingum sem hér segir:

(Sjá bls. 1083 - 1084.)

Refsing ákærða nú verður hegningarauki við dóminn frá 23. desember sl. og ber samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga að taka upp þann dóm og dæma í einu lagi með sök ákærða nú. Þykir refsingin hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði en rétt þykir að fresta fullnustu hennar og að hún falli niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 25.000,- krónur í málsvarnarlaun, en annan kostnað leiddi ekki af málinu.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóhannes Hólm Reynisson, sæti fangelsi í 8 mánuði. Fullnustu refsingarinnar skal fresta og fellur refsingin niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, verjanda sínum, 25.000,- krónur í málsvarnarlaun.